




EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
13. árgangur
Desember 2011



Eining-Íðja

*sendir félagsmönnum sínum og landsmönnum öllum
bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða*



Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 -Bréfasími 460 3601
www.ein.is · ein@ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Þýðingar:
Páll Pawel Pálsson, Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew

Prentvinnsla: Ásprent ehf.

Forsíðumynd:

Undanfarin ár hefur félagið boðið
upp á námskeið í jólaföndri.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild
eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.



*Sendum Einingar-Íðjufélögum
svo og landsmönnum öllum
hugheilar jóla- og nýársóskir!*



ILLUGASTAÐIR
ORLOFSBYGGÐIN ILLUGASTAÐIR

Efnisyfirlit

- 4** Opið hús
- 4** 40 umsóknir
- 4** Breytingar í Svignaskarði
- 6** Fræðsludagur Einingar-Íðju
- 7** Desemberuppbót 2011
- 8** Orlofsferðir Einingar-Íðju sumarið 2012
- 10** Fulltrúar á ferð og flugi
- 12** „Kerti er ekki bara kerti“
- 14** Utanlandsferðin 2011
- 20** Miscellaneous information
- 21** Leggur þú þitt af mörkum?
- 22** Starfslok
- 23** Trúnaðarmaðurinn
- 24** Fjallaferð 7.-10. ágúst 2011
- 30** Flutningskostnaður verður að lækka!
- 32** Hreyfing – til hvers?
- 33** Vetrarleiga orlofshúsa
- 33** Minnum á félagavefinn
- 34** Ilmurinn úr eldhúsinu...
- 35** Launagreiðendavefur Einingar-Íðju
- 36** Þróunarverkefnið „Virkur vinnustaður“
- 36** VIRK starfsendurhæfingarsjóður
- 36** Lögfesting á greiðsluskyldu
- 37** Miðar í Hvalfjarðargöng
- 37** Vinnustaðaskirteini?
- 37** PACTA lögmenn
- 37** Hafið í huga
- 39** Ertu á leið í nám?
- 40** Jólakrossgátan
- 41** ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ
- 41** Út með jólaköttinn
- 42** Róžne informacje

PricewaterhouseCoopers á Íslandi

*Sendir félagsmönnum
Einingar-Íðju hugheilar jólakveðjur!*



pwc

PricewaterhouseCoopers
Glerárgata 34, 600 Akureyri
Símanúmer: 460 2400
Símbréfsnúmer: 460 2401
Netfang: pwc.akureyri@is.pwc.com
Netfang innheimtu: innheimta@is.pwc.com

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga



Init ehf. • Grensásvegi 50 • 108 Reykjavík • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



TILVALIN JÓLAGJÖF!

PERSÓNULEG DAGATÖL FYRIR EINSTAKLINGA

Þú kemur með eða sendir á stell@stell.is 12 myndir og færð þitt persónulega dagatal sem er tilvalin jólagjöf handa fjölskyldunni eða vinahópnum.

Tvær stærðir eru í boði:

Borðdagatal (210x95mm) og A4 dagatal með lykkju (210x297mm).

Hægt er að velja um nokkur mismunandi útlit (sjá nánar á www.stell.is).

Verðdæmi:

10 stk. borðdagatöl, kr. 1.590 pr. stk.

10 stk. A4 dagatöl, kr. 1.790 pr. stk.

VILT ÞÚ HANNA SJÁLF/UR ÞITT EIGIÐ VEGGDAGATAL?

Láttu okkur sjá um prentun og gormabindingu með lykkju. Sendu okkur dagatalið sem pdf skjal á stell@stell.is eða komdu í heimsókn.

1 stk. kr. 1.995 - Hvert dagatal eftir það kr. 1.500.

Ef pöntuð eru fleiri en 10 dagatöl er hægt að óska eftir tilboði á stell@stell.is.

FYRIRTÆKI OG FÉLAGASAMTÖK!

Dagatal er falleg gjöf og góð leið til að minna á sig.

Leitið upplýsinga og tilboða.

Kíkið á heimasíðuna okkar;

www.stell.is



STELL

Stell | Kaupangi v/Mýrarveg | 600 Akureyri
Sími 4 600 760 | stell@stell.is | www.stell.is

Opið hús

Undanfarið hefur starfsfólk félagsins og ráðgjafar hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði verið á ferðinni og boðið félagsmönnum upp á opið hús. Nú þegar er búið að halda slíkt í Hrísey, Grenivík, Dalvík og Fjallabyggð. Laugardaginn 10. desember verður svo opið hús á skrifstofu félagsins á Akureyri. Tíma-
setning verður nánar auglýst er nær dregur.

Þessi opna hús hafa tekist vel þrátt fyrir að það hefði mátt finna pláss fyrir fleiri félagsmenn en létu sjá sig. Boðið var upp á kaffi og kleinur, reyndar „kærleikskodda“ í Fjallabyggð. Góð stemning var á meðal starfsmanna og félagsmanna sem létu sjá sig, en þarna var tækifæri fyrir þá til að forvitnast um félagið og VIRK og fengu margir svör við spurningum sem á þeim brunnu gagnvart félaginu og Virk.

Starfsfólk Einingar-löju og ráðgjafar hjá VIRK vona að félagsmenn muni nýta sér opna húsið sem verður á Akureyri í desember og bjóða alla félagsmenn velkomna.



Breytingar í Svignaskarði

Undanfarin ár hafa félagsmenn getað leigt hús yfir vetrartímann í Svignaskarði í Borgarfirði, en ekki í vetur. Fyrr á árinu ákvað stjórn félagsins að tími væri kominn til að byggja nýtt orlofshús í Svignaskarði, enda var húsið barn síns tíma. Gamla húsið var selt og í byrjun nóvember var það fjarlæggt af svæðinu. Nýja húsið, sem verður um 80 fermetrar að stærð, verður smíðað á staðnum í vetur og á að vera tilbúið fyrir sumarúthlutun næsta vor.

40 umsóknir

Nýlega auglýsti félagið eftir ráðgjafa til að starfa á sviði starfsendurhæfingar. Um er að ræða samvinnuverkefni stéttarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Umsóknarfrestur rann út þann 15. nóvember sl. og sóttu 40 aðilar um starfið. Capacent hefur umsjón með ráðningarferlinu og þegar blaðið fór í prentun stóðu yfir viðtöl við nokkra umsækjendur.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir það vera ánægjulegt hve margir sóttu um starfið. „VIRK er að vinna mjög gott starf og það er ánægjulegt að sjá hve margar umsóknir bárust. Með þessari ráðningu verða starfsmenn félagsins sem vinna sem ráðgjafar hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði orðnir fjórir, í þremur og hálfu stöðugildi.“

Eining-löja fær endurgreitt frá VIRK allan kostnað vegna þessara starfsmanna, þar á meðal vegna launa og húsnæðis. Ráðgjafar sjóðsins starfa fyrir öll stéttarfélög í Eyjafirði, bæði almenn og ríkis- og sveitarfélaga.



*Njóttu jólanna...
...með aðeins því besta!*

KJARNAFÆÐI

- veldu kofareykt hangikjöt frá Kjarnafæði!

Kofareykta hangikjötið frá Kjarnafæði er sérvalið fyrsta flokks lambakjöt með ljúffengu, ríku og hefðbundnu íslensku reykragði, verkað og reykt af kjötiðnaðarmeisturum fyrirtækisins.

Það njóta allir jólanna með hangikjöt frá Kjarnafæði á borðum
- því hvað er betra!

**HIÐ EINA SANNA
JÓLABRAGÐ!**



**Gjafakort sem hægt
er að nota hvar sem er**

❖ **Finnur þú ekki réttu gjöfina?**

Gjafakort Arion banka hentar við öll tækifæri.

Hægt er að nota gjafakortið við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina. Einfaldara getur það ekki verið.

**Gjafakortið fæst í öllum
útibúum Arion banka.**



Fræðsludagur Einingar-Iðju

Föstudaginn 4. nóvember sl. hélt Eining-Iðja í þriðja sinn árlegan fræðsludag fyrir starfsmenn, trúnaðarmenn og þá sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið. Tilgangurinn er sá að efla þá sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið með fræðslu og upplýsingagjöf til að þeir verði enn hæfari í störfum sínum. Mæting á fræðsludaginn var frábær en mikill meirihluti þeirra sem fengu boð, á annað hundrað manns, sáu sér fært að mæta á Pósthúsbarinn á Akureyri, en fræðsla stóð yfir frá kl. 10:00 til 16:30. Sérstakur gestur fundarins var Kristján Bragason, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands.



Frábær mæting var á fræðsludag félagsins, á annað hundrað manns sáu sér fært að mæta.

Anna Júlíusdóttir, formaður Matvæla- og þjónustudeildar félagsins, stjórnaði fundi og var Ása Margrét Birgisdóttir, varaformaður Opinberu deildar, henni til aðstoðar. Eftir að Anna hafði boðið alla velkomna kynnti Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup frumniðurstöður launa- og þjónustukönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Einingu-Iðju og AFL starfsgreinafélag.

Eftir góðan hádegisverð, sem Veitingastaðurinn Strikið sá um, fjölluðu þær Alice Harpa Björgvinsdóttir og Sigrún Vilborg Heimisdóttir, sálfræðingar frá Sálfræðiþjónustu Norðurlands, um erfiðleika, álag og sjálfsþekkingu. Því næst steig Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, í pontu og sagði frá siðareglum Einingar-Iðju og reglum félagsins varðandi risnu, gjafir og ferðakostnað. Bragi V. Bergmann, frá FREMRI Almannatengsl, lauk formlegri dagskrá þegar hann fjallaði á gamansaman hátt um samskipti á vinnustað.

Kjara- og viðhorfskönnun

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa. „Stjórn félagsins fannst vanta upplýsingar bæði í sambandi við laun og stöðu okkar félagsmanna. Við höfum auðvitað ákveðna tilfinningu fyrir þessu en nú getum við séð hvernig staðan er í raun. Könnunin var unnin í samstarfi við AFL starfsgreinafélag og er þetta í fyrsta sinn sem félög af þessari stærðargráðu utan höfuðborgarsvæðisins láta gera svona könnun fyrir sig. Nú munum við geta borið þessi svæði saman, t.d. varðandi launakjör. Við getum nú líka borið okkur saman við Flóabandalagið (Eflingu, Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis) því undanfarin ár hefur Capacent unnið fyrir þau svona könnun og voru einmitt að því á sama tíma og



Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup, kynnr hér frumniðurstöður launa- og þjónustukönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Einingu-Iðju og AFL starfsgreinafélag.

við í ár. Það verður fróðlegt að bera þessar kannanir saman.“

Enn stendur yfir vinna við að greina niðurstöður hennar frekar en Björn segir að það komi sér verulega á óvart að rúmlega 13% þeirra sem svara segjast ekki hafa fengið taxtahækkun, eingreiðslu eða hækkun í kjölfar síðustu samninga. „Þetta er grafalvarlegt mál sem við erum að kanna nánar. Við erum að greina niðurstöðurnar betur, sérstaklega í sambandi við launapáttinn. Það má geta þess að 10,5% svarenda telja sig búa við lítið starfsöryggi, 42% hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, 85% segjast hafa dregið úr útgjöldum vegna fjárhagsstöðu eða hækkandi verðs á sl. 12 mánuðum. Þetta er vissulega stór hópur, niðurstaðan kemur ef til vill ekki á óvart en nú fáum við staðfestingu á því sem við höfum haft á tilfinningunni. Það eru greinilega margir félagsmenn sem hafa fjárhagsáhyggjur og eru í vanda.“

Þátttaka í könnuninni var tæp 44% og segir Björn að auðvitað hefði hann viljað sjá hærra svarhlutfall. „Könnunin er marktæk en meiri þátttaka hefði þó gefið okkur enn betri upplýsingar. Upplýsingar sem við notum til að þjónusta félagsmenn okkar enn betur en við gerum í dag. Eins og áður segir þá er þetta fyrsta könnun sem við gerum með þessum hætti og kannski er fólk á öðrum svæðum vanara því að taka þátt í slíkum könnunum, enda var svarhlutfallið hærra fyrir sunnan. Ég er þó ánægður með hversu vel félagið kemur út úr könnuninni en um 58% sögðust hafa nýtt sér einhverja þjónustu hjá félaginu undanfarna 12 mánuði. 90% merktu við að þeir væru sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingu-löju og tæp 94% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-löju þegar á heildina væri lítið. Miðað við þann ólgusjó sem við höfum verið í undanfarið, kjarasamningagerð og fleiru, þá er ekki annað hægt en að vera mjög ánægður með þessa niðurstöðu,“ segir Björn að lokum.



Gluggað í niðurstöður launa- og þjónustukönnunarinnar sem kynnt var á fræðsludeginum.

Desemberuppbót 2011

Eining-löja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. **Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.**

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 48.800, miðað við 100% starfshlutfall. Að auki á að greiða sérstakt álag, kr. 15.000. Samtals eiga þeir sem eru í 100% starfi að fá **kr. 63.800**. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppbót greidda 1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við launanevnd sveitarfélaga er **kr. 75.500**, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda í desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

INTERSPORT
Á AKUREYRI
Í HÚSNÆÐI BYKO

Jólagjafirnar
fást hjá okkur



INTERSPORT
INTERSPORT AKUREYRI Í HÚSI BYKO ÓÐINSNESI

Orlofsferðir Einingar-löju sumarið 2012



Þýskaland - Pólland

Farið verður til Þýskalands og Póllands 5. til 14. júní 2012, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns. Flogið frá Keflavík til Hamborgar í Þýskalandi, ekið til Berlínar og gist í tvær nætur. Síðan verður ekið til pólsku borgarinnar Wrocław og gist í tvær nætur. Þaðan verður ekið til Bochnia og gist í þrjár nætur. Næst verður ekið til Varsjár og gist í tvær nætur. Frá Varsjá verður flogið heim til Íslands í gegnum Kaupmannahöfn.

Gisting: í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Leiðsögumaður Harpa Hallgrímsdóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 233.000 á mann fyrir félagsmenn og maka miðað við gengi evru 160 kr.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 35.000.

Boðið verður upp á rútufarferð suður 4. júní og heim 14. júní.

Dregnir verða 18 orlofspunktur frá punktaeign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.
- Flug: Keflavík – Hamborg – Varsjá – Kaupmannahöfn - Keflavík.
- Gisting: 9 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- Kvöldverðir innifaldir alla dagana erlendis.

Ferðalýsing

Byrjum ferðina á því að fljúga frá Keflavík kl. 00:45 þann 5. júní til Hamborgar og lendum þar rúmlega 06:00. Þaðan verður keyrt til Berlínar. Berlín er höfuðborg Þýskalands með 3,4 milljónir íbúa og hefur upp á margt að bjóða. Þar eru margar sögulegar byggingar og aðrar minjar. Eftir fall múrsins hefur átt sér stað mikil uppbygging, svo þar er fjölmargt gamalt og nýtt að sjá fyrir utan iðandi mannlíf. Við gistum á Hótel Hoppegarten Berlín fyrir austan miðborgina. Sjá nánar á heimasíðu <http://www.hotelhoppegartenberlin.com/> Eftir dvölinu í Berlín höldum við til Póllands, lands sem á sér merkilega sögu og menningu.

7. júní: Ekið til pólsku borgarinnar Wrocław (ca. 300 km) sem var áður þýska borgin Breslau (fram til 1945). Þetta er fjórða stærsta borg Póllands með rúmlega 632 þús. íbúa. Þar er margt að sjá, ekki síst afar fallegan miðbæ með mörgum sögufrægum byggingum. Gott dæmi um það er merkileg dómkirkja sem stendur á litilli eyju í miðborginni. Farið verður í skemmtilega gönguferð um miðbæinn. Gist á hóteli 113 km suðvestur af Wrocław í 2 nætur.

9. júní: Ekið til Bochnia (ca. 270 km) í Suður-Póllandi. Dagurinn fer í akstur og stutt stopp. Bochnia er lítil bær með um 30.000 íbúa, en í næsta nágrenni hennar (ca. 40 km) er hin þekkt borg Krakow. Krakow er þriðja stærsta borg landsins (765.000 íbúar) með mörgum fallegum byggingum og einstaklega fallegt markaðstorg í hjarta borgarinnar: Þar er að auki falleg höll, margar kirkjur, iðandi mannlíf og spennandi menning. Gist verður í þrjár nætur í Bochnia. <http://www.hotelmillemium.com.pl/>

12. júní: Ekið til Varsjár (ca. 300 km) á hótél sem er um 37 km austur af borginni. Varsjá er höfuðborg Póllands og stærst allra pólskra borga með rúmlega 1,5 milljónir íbúa. Borgin var rjúkandi rústir í lok Síðari heimsstyrjaldarinnar (80% eyðilögðust) og er aðdáunarvert að sjá hversu vel hefur tekist til við endurreisn hennar. Borgin er að hluta til nútímaleg, ekki síst fjármálaferfið. Hótelið sem við gistum á er: <http://www.ekwos.com.pl> Flogið frá Varsjá kl. 17:35 til Kaupmannahafnar og þaðan til Keflavíkur og lent þar um kl. 23:40.

Ef ekki verður fullbókað í ferðina þann 1. febrúar nk. þá geta utanfélagsmenn komið með. Þeir þurfa að greiða aukalega kr. 7.000 og því mun ferðin kosta þá kr. 240.000.

Stykkishólmur-Flatey-Patreksfjörður-Látrabjarg

Síðsumarsferð Einingar-löju verður farin dagana 12. til 15. ágúst 2012. Ekið verður eins og leið liggur til Stykkishólms. Fyrstu nóttina verður gist í Félagsheimilinu Skildi Næst verður siglt út í Flatey og þar dvalið meiri hluta dags



en farið með Baldri yfir á Brjánslæk. Gist næstu tvær nætur í gistiheimilium á Patreksfirði. Á þriðja degi verður farið út á Látrabjarg, komið við í Breiðavík og síðan farið niður á Rauða-sand. Á fjórða degi verður haldið heim á leið um Barðaströnd og Dali. Fararstjóri verður Björn Snæbjörnsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og leiðsögu- maður Jóhann Svavarsson frá fyrirtækinu Umfar ehf. sem sérhæfir sig í leiðsögn um Vestfirði.

Ferðin kostar 35.000 krónur á mann og innifalið er allur akstur, svefnpokagisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nestu sig sjálf.

Óafturkræft staðfestingargjald er 8.000 krónur

Eins dags ferð

fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin miðvikudaginn 20. júní nk. Farið verður út í Hrísey, snæddur hádegisverður í Brekku. Farið verður um eyjuna og merkir staðir skoðaðir.

Ferðin kostar 5.000 krónur á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, og síma 460 3600 frá þriðjudeginum 3. janúar 2011.



Handýfð kerti
í mörgum litum



Ljósakrossar á leiði
fyrir 12v, 24v, 32v og 220v



Gæðarúmföt
Sængurverasett úr damaski og silkidamaski



Endurvinnsla

Notuð bómullarefni

Tökum á móti slitnum rúmfötum, handklæðum og bolum í verslun okkar. Við framleiðum tuskubagga fyrir verkstæði og fyrirtæki úr efnunum

Kertastubbar og vaxafgangar

Hægt er að skila vaxi og kertastubbum á gámavelli, grenndarstöðvar, Sagaplast ehf, Réttarhvammi og í verslun okkar

Skiltagerð

Leiðaskilti, hurðaskilti og fleira



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur
Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 461 4606

*Veljum íslenskt,
allir vinna*

Opið 8.00-16.00 virka daga



Strandgötu 3 · 600 Akureyri
Sími 440 2370
Fax 440 2380
www.sjova.is



Ökukennsla og ökuskóli

Ekill ökuskóli · Goðanesi 8-10 · 603 Akureyri
Sími 461 7800 · Gsm 894 5985
ekill@ekill.is · www.ekill.is

Fulltrúar á ferð og flugi

Í október var haldinn formannafundur ASÍ og tvö þing innan verkalyðshreyfingarinnar. Alþýðusamband Norðurlands (AN) reið á vaðið og hélt sitt reglulega þing á Illugastöðum dagana 7. og 8. október sl. Nokkrum dögum síðar var þriðja ársþing Starfsgreinasambandsins (SGS) haldið í Reykjavík og 26. október var formannafundur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) haldinn í Höfuðborginni. Eining-löjla átti að sjálfsögðu fulltrúa á öllum þessum stöðum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum þremur samkomum.

Þing AN

Á 32. þing Alþýðusambands Norðurlands mættu tæplega 100 þingfulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi, þar á meðal 50 frá Einingu-löjlu. Þingið fór í alla staði mjög vel fram og var m.a. unnið í tveimur nefndum. Önnur fjallaði um atvinnumál en hin um kjaramál. Fimm ályktanir voru samþykktar sam-



AN þing: Tæplega 100 þingfulltrúar mættu á þingið, þar af 50 félagsmenn Einingar-löjlu.

hljóða á þinginu, um atvinnumál, heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi, um kjaramál, um sjávarútvegsmál og um þyrlukaup. Allar ályktanir má finna á www.ein.is

Fjölmarginir gestir sátu þingið og fluttu fróðleg og góð erindi. Gylfi Arnbjörnsson, ávarpaði þingheim við setningu þess og fjallaði um stöðu kjaramála, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, fjallaði um stöðu og horfur í efnahags- og kjaramálum, Ásbjörn Björgvinsson, Markaðsráði Norðurlands, fjallaði um ferðabjónustu á Norðurlandi, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, fjallaði um reynslu af eftirliti með vinnustaðaskilríkjum og samvinnuna við RSK og Stefán Einar Stefánsson, formaður VR og LÍV, fjallaði um samfélagsábyrgð stéttarfélaga.

Nýr formaður AN til næstu tveggja ára var kosinn Hjördís Gunnarsdóttir, varaformaður Öldunnar stéttarfélags. Með henni í stjórn er Agnes Einarsdóttir, frá Framsýn stéttarfélagi, og Heimir Kristinsson, varaformaður Fagfélagsins. Varann í stjórn eru Aðalbjörg Valdimarsdóttir Samstöðu, Jónas Kristjánsson Þingið og Eiður Stefánsson FVSA.

Þing SGS

Kjörorð þriðja þings Starfsgreinasambands Íslands voru „Horft til framtíðar,“ en megin-



Á myndinni má sjá nýja stjórn AN ásamt varamönnum. F.v.: Aðalbjörg, Heimir, Agnes, Eiður, Hjördís og Jónas.

áherslan var á skipulagsmál sambandsins - verkefni og hlutverk. Einnig var umfjöllun um kjara- og atvinnumál, enda skipta þau félagsmenn SGS miklu máli. Þingið sátu 137 fulltrúar frá 18 aðildarfélögum og þar af 18 frá Einingu-löjlu.

Framtíð Starfsgreinasambandsins var Birni Snæbjörnssyni, formanni sambandsins og Einingar-löjlu, hugleikið í setningarræðu hans en hann sagði m.a. „Ég tel að Starfsgreinasambandið sé nauðsynlegur vettvangur fyrir íslenskt verkafólk. Eitt af meginverkefnum þessa þings verður að ræða framtíð sambandsins. Ef Starfsgreinasambandið verður lagt niður þá mun það veikja samstöðu launafólks og í raun eyðileggja besta verkfærið sem almennt launafólk hefur til baráttu.“ Ræðuna í heild má finna á www.ein.is

Þinginu var ekki slitið, því var einungis frestað fram í maí á næsta ári. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löjlu og Starfsgreinasambands Íslands, segir að þingið hafi tekist mjög vel. „Þarna var mikil og góð samstaða, sérstaklega um tillögu um að skipa sjö manna starfs-



SGS þing: Hér má sjá þá 18 félagsmenn Einingar-löjlu sem sátu þing SGS.

hóp sem ætlað er að fara í ítarlega vinnu við að móta framtíðarskipulag Starfsgreinasambandsins og leggja fram tillögur fyrir framhaldsþingið sem verður í maí. Ég bind miklar vonir við vinnu þessa starfshóps. Þingfulltrúar samþykktu einnig samhljóða margar góðar ályktanir.”

Starfshópin skipa:

Aðalsteinn Baldursson, Framsýn stéttarfélag
Björn Snæbjörnsson, Eining-löja

Halldóra S. Sveinsdóttir, Bárán stéttarfélag
Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir,

AFL starfsgreinafélag

Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélagið Hlíf
Kristján Gunnarsson,

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
Sigurður Bessason, Efling stéttarfélag

Formannafundur ASÍ

Á ársfundi ASÍ í fyrra var samþykkt að falla frá ársfundarforminu og taka upp þing Alþýðusambandsins sem halda skal á tveggja ára fresti. Það ár sem ekki er þing skal formannafundur kallaður saman og fór slíkur fundur fram 26. október sl. Rétt til að sitja fundinn eiga allir formenn aðildarféлага ASÍ, sem eru 50, auk miðstjórnarmanna sem ekki eru formenn aðildarféлага. Fundurinn í ár var tileinkaður atvinnumálum og baráttu gegn atvinnuleysi og bar ræða forseta ASÍ í upphafi hans þess merki. Hann ræddi einnig peninga- og gengismál og hvernig krónan hefur verið örlagavaldur gagnvart verðbólgu og kaupmætti í landinu.

Á fundinum voru samþykktar tvær ályktanir. Önnur fjallaði um atvinnumál en hin um stöðu og réttindi atvinnuleitenda. Þessar ályktanir má finna á vef félagsins, www.ein.is



Sigló

Jól hjá Rauðka

Hannes Boy & **Kaffi Rauðka**
Borðapantanir 461-7730 Bókanir 461-7733

26.nóv. Dikta – tónleikar í Kaffi Rauðku
2.-3.des. Jólhlaðborð Hannes Boy
3.des. Jólamarkaður Rauðku og handverksfólks frá Sigló
9.des. Hangikjöt í hádeginu - Kaffi Rauðka
9.des. Tónleikar - Gylfi Rúnar Megas
10.-11.des. Myndlystasýning MTR Gallerí Rauðka
11.des. Tónleikar - Baggalútur, Hjálmar og Memfismafían
14.des. Jólatónleikar tónskólans
14.des. Listagangan - kakó, glögg, söngur og fjör
16.des. Hangikjöt í hádeginu
16.des. Suðuramerísk jól á Hannes Boy
16.des. Tónlistarviðburður
18.des. Krakkabíó í Rauðkubíó
23.des. Skötuveisla á Hannes Boy
23.des. Þorláksmessa Kaffi Rauðku

Gránugötu 19,
580 Siglufirði

Rauðka ehf,
Sími:467-1550
www.raudka.is



„Kerti er ekki bara kerti“

- segir kertagerðarmeistarinn Jón M. Jónsson

Á Akureyri starfar Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur (PBI), vinnustaður sem hefur það að markmiði að veita einstaklingum með skert starfsþrek atvinnu. Um er að ræða starfsþjálfun og endurhæfingu til skemmri tíma og einnig varanlega vinnu til lengri tíma. Vinnustaðurinn skiptist í fimm framleiðsludeildir: Plastdeild, sem er að stærstum hluta byggð á framleiðslu á raflagnæfni. Saumadeild, þar sem eru saumaðar mjólkursíur, sigtisbotnar, vettlingar og rúmföt. Búfjármerkjadeild þar sem er framleiðsla og dreifing búfjármerkja. Skiltadeild, gerð hurðamerkinga og leiðaskilta. Kertadeild, framleiðsla útikerta og handdýfðra gæðakerta.

Tíðindamaður blaðsins kíkta nýlega í heim-sókn í kertagerðina og fékk Jón M. Jónsson



Elma Stefánsdóttir sá um að dýfa kertunum.



Jón að steypa altariskerti sem eru sérframleidd fyrir nokkrar kirkjur á svæðinu.

kertagerðarmeistara til að fræða lesendur um kertagerðina.

„Í kertagerðinni er mikið að gera allt árið, ekki bara fyrir jólin eins og áður var. Við erum að framleiða bæði hefðbundin kerti, í mörgum sverleikum og lengdum, og útikerti í tugþúsundatali. Í dag erum við að framleiða um 35.000 útikerti, þar af um 15.000 frá 1. október og fram að jólum og ætli við séum ekki að framleiða upp undir 80.000 stykki af handdýfðum kertum á ári. Við erum einnig í sérframleiðslu en við framleiðum til dæmis altariskerti fyrir nokkrar kirkjur á svæðinu, skírmarkerti fyrir Glerárkirkju og fleira í þeim dúr,“ segir Jón.

Gamalt handbragð

„Ferlið á einum framleiðsluhring í útikertum tekur heilan dag og í venjulegum kertum tekur

það um það bil sex klukkustundir. Frá því grindin er þrædd og kertunum er pakkað í kassa. Þetta er mikið nákvæmisverk og í raun allt saman byggt á gömlu handverki, hvað venjulegu kerten varðar. Eina breytingin frá því við byrjuðum á þessu fyrir 28 árum er sú að nú notum við „róbót“ við sjálfa dýfinguna. Sú



Jón að lita kerti, rauður varð fyrir valinu að þessu sinni.



Hér er Vignir Hauksson að hella í útikertin. Það þarf þrjár umferðir í hvert kerti og vaxið þarf að storkna vel á milli.



Hér er María Dröfn Einarsdóttir að laga kveikinn á útikertunum.

Útikerti – gott ráð

Þegar farið er með útikerti í kirkjugarðinn þá er gott að vera í góðum leðurhanska og með stóra fötu. Í hana er kertunum raðað og kveikt á þeim í skottinu á bílnum. Svo er gengið um garðinn og hvert kerti sett á sinn stað. Leðurhanskinn þarf að vera það öflugur að þú getir tekið kertin úr fötunni án þess að brenna þig. Með þessari aðferð ert þú kominn með flot í kertin og hita og því minni hættu á að það slokknir á þeim ef það er hvasst.



vinna tekur um tvo tíma, en þá á eftir að snyrta kertin, lita þau og pakka. Þetta er eins og með lista-verkin, það eru engin tvö kerti eins.“

Jón segir að það sem þau gera sé kertadýfing, ekki steypa. „Í dag nota flestir háþrýsttæki til að steypa kerti og nota þá mjög fínt duft í framleiðsluna. Við framleiðum gæðakerti, það má líkja kertunum okkar við eik, en kerti sem búin eru til í háþrýstivélum má líkja við spónaplötu. Þau eru létt í sér, brenna hratt og leka út um allt.“

Allir að skila

Jón vill minna landsmenn á að við verðum að vera duglegri að skila inn kertaafgöngum og vaxi. „Íslendingar hafa verið allt of duglegir við að henda kertaafgöngum. Við getum endurnýtt allt það kertavax sem við fáum í stað þess að það endi í ruslinu með tilheyrandi urðunarkostnaði. Þannig er einnig hægt að spara gjaldeyri. Því meira sem skilar sér af kertaafgöngum til endurvinnslu, því minna þarf að flytja inn af hráefni til framleiðslunnar.“

„Ég hef oft sagt að það taki mannsaldur að koma þessari vinnslu í gang. Við erum búin að reyna að safna kertavaxi í um 20 ár og það hefur gengið afar hægt. Frá síðustu áramótum og til dagsins í dag höfum við fengið rúm 2 tonn af afgögnum, sem er svipað og undanfarin ár. Gróflega reikn-



að má áætla að Íslendingar séu að henda um 30 til 35 tonnum af kertaafgöngum á ári og ég giska á að við gætum verið að tala um 6,5 til 7 tonn bara af Eyjafjarðarsvæðinu. Ef allir Íslendingar stæðu sig með sóma og skiluðu öllum afgöngum inn þá þyrftum við ekki að kaupa eitt einasta kíló sem fer í útikertin og þá er ég að tala um allar kertaverksmiðjur í landinu,” segir Jón að lokum.

Verslun PBI er í Furuvöllum 1 á Akureyri. Opíð alla virka daga milli kl. 8 og 16.

Skil á vaxi og kertastubbum

Hægt er að skila vaxi og kertastubbum á gámvelli, grenndarstöðvar, Sagaplast ehf. Réttarhvammi og í verslun PBI sem er í Furuvöllum 1.



Eitt frekar stórt. Jón steypir allar gerðir og stærðir eftir óskum hvers og eins.



*Sendum
Einingar-Töjufélögum
svo og landsmönnum öllum
hugheilar jóla-
og nýársóskir!*




**ÚTGERÐARFÉLAG
AKUREYRINGA**



**Samvinnufélag
sem er öllum opíð**

Félagið rekur 234 hagkvæmar íbúðir á Akureyri og Húsavík

- Ert þú félagsmaður?
- Kynntu þér málin á heimasíðunni www.busetiak.is
- Hringdu í síma 452 2888
- Eða komdu á skrifstofuna í Skipagötu 14, 4. hæð



Utanlandsferðin 2011

Dagana 20. til 29. júní sl. ferðaðist fjölmennur hópur Einingar-Iðjufélaga til Þýskalands, Sviss og Frakklands. Ólöf Tryggvadóttir tók að sér að rita ferðasögu og má lesa hana á næstu síðum.

Eftir hádegi sunnudaginn 19. júní lagði hluti hópsins af stað frá planinu við Skipagötuna á tveimur bílaleigubílum til Keflavíkur, undir stjórn Þorsteins og Róberts, með stoppum til að næra sig og pissa. Í Keflavík gistum við á tveimur stöðum.

Vaknað var mjög snemma næsta morgun og sáum við sjálf um að fá okkur snarl í eldhúsinu. Ekið upp á flugvöll, mæting kl. 5:25 og þar stækkaði hópurinn er hinn hlutinn bættist við. Lent var í Frankfurt þegar leyfi fékkst til þess eftir að búið var að fara tvo hringi og lykkjur yfir flugvöllinum. Rigning var í Frankfurt en Svenni og Magga tóku brosandí á móti okkur með rútuna Emilíu og lagt var af stað til Offenburg. Það styttaði upp og hlýnaði er sunnar kom og við nálgumst Offenburg. Hótelið okkar þar hét Pálmagarðurinn og vorum við þar næstu fimm nætur. Við borðuðum alltaf kvöldmat á hótelinu og í minningunni samanstóð maturinn af mismunandi framreiddu

svínakjöti og ýmsum útfærslum af köldum búðingi.

Morguninn eftir vöknudum við á „vinnutíma“ til að vera búin að borða morgunmat og vera klár í rútuna kl. 9:00. Nú skal haldið til Strassburg í Frakklandi. Nafnið þýðir „höllin við götuna“. Veðrið var mjög gott, sól og 27°C hiti. Við gengum um og skoðuðum okkur um við ána Ill sem rennur um borgina og fylgumst með bátum sem sigldu á ánni. Svo kom að

okkur að fara í siglingu og sjá miklar og fallegar byggingar, þar á meðal Evrópubyggingarnar. Í Strassburg er gömul sérstæð dómkirkja sem var aldrei kláruð, aðeins annar turninn var settur á hana því ekki var talið að burðarvirki hennar myndi þola hinn turninn. Svo sáu sumir um að smakka bjórinn, meðan aðrir kíktu í búðir. Veðrið var ljúft um kvöldið þegar við komum til baka á hotelið og gott að fá sér göngutúr og skoða nágrenni hótelsins.



Sami tími á brottför frá hótelinu í dag og í gær, en nú er stefnan tekin á Svartaskóg, í hæsta hluta hans sem er í um 1000 m hæð. Við fórum um mjög fallett landslag. Stoppað var í litlum falletum bæ Titisee við samnefnt vatn. Bærinn er þekktur fyrir hinar mörgu klukkubúðir sem gaman var að skoða. Þarna voru allskonar gómsæt ber á útimörkuðum sem við brögðuðum á. Frá Titisee var haldið niður til Freiburg. Leiðin liggur niður Helvítisdalinn, sem er mjög þröngur og landslag sérstakt, gegnum Himnaríki sem er lítill bær neðst í dalnum og sýnist mér á þessu að þó leiðin liggir niður til Helvítis sé von um Himnaríki síðar. Í Freiburg var mjög heitt. Sumir skoðuðu í búðir, aðrir völdu bjórinn og enn aðrir fóru upp á Schlossborg, 430 m hæð ofan við borgina. Hægt var bæði að ganga eða fara í kláf langleiðina upp. Uppi á hæðinni er turn úr trjábolum og járnsúlum með 185 tröppum og er flott að sjá yfir borgina og nágrenni þar uppi. Við gengum nokkur niður og vorum heldur sein að komast í skjól þegar þrumurnar glumdu og byrjaði að rigna í óhöfi. Skoðuðum stóru gömlu kirkjuna í miðborginni þegar búíð var að skrúfa fyrir vatnið úr himninum.

Í dag var aftur farið til Frakklands um Elsass hérað og fórum við vínleiðina frá Strassburg til Colmar. Veðrið gott, sól og hlýtt. Þegar komið var út af hraðbraut 35 og á sveitaveginum var farið um fallett landslag, smáþorp og bæi með gömlum byggingum. Stoppað var í Obernai, skoðuðum bæinn og kíktum á útimarkað. Það virtist alltaf vera vinsælt þegar hægt var að komast í búðir eða á markaði. Ansi var þessi

leið hlykkjótt og þegar ekki voru nógir hlykkir voru hringtorgin farin nokkra hringi, og ef það nægði ekki, var snúið við á veginum. Riquewih er gamall miðaldabær, sem við stoppuðum í og skoðuðum. Þar er borgarhlíð frá 1450, veitingastaðir og verslanir í gömlum falletum húsum sem gaman var að skoða og kanna. Þá var haldið til Colmar, sem er stærri bær. Þar fórum við með litilli ferðamannalest um mið-



Sendum viðskiptavinum vorum svo og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og áramótakveðjur



Miðstöð ehf.
Alhliða pípulagningaþjónusta

Sendum Einingar-Íðjufélögum svo og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og nýársóskil!



SAMHERJI HF

Vísur úr ferðinni ...

Á ferð um Elsass, vínhéraðið í Frakklandi gerðist það í smáþorpi einu að við lentum á villigötum og Sveinn varð að bakka nokkurn spöl til að snúa við.

Þar sem hann bjóst til að snúa við á þröngu götuhorni vildi honum til happs að húsfreyja, nokkuð þroskuð, var úti á svölum og hóf mikið handpat bílstjóranum til leiðbeiningar. Og viti menn, viðsnúningurinn tókst vel þrátt fyrir þrængsli.

Tekið skal fram að þessi umgetna víma Sveins var bara tilgáta vegna hins vínmengaða héraðs og ætlaðs eims í lofti. Ekki raunveruleg.

*Á Elsass leiðum ekur Sveinn,
áfengis í vímu.
Vegur ekki virðist beinn,
og varla sér hann skímu.*

*Í þorpi einu endar slóð,
áður nokkurn varir.
Aftur á bak þá aldið fljóð,
aðstoðar við farir.*

*Fyrir horn vill fara hann,
fær það vart við ráðið.
Roskin kona ráð við kann,
rær hún fram í gráðið.*

*Á Elsass leiðum ekur Sveinn,
áfengis án vímu.
Þótt vegurinn ei vel sé beinn,
hann vinnur þessa glímu.*

Næsti áfangi var Colmar borg, einnig í Frakklandi. Komum þar síðla dags og stoppuðum stutt því til stóð að við við mættum í mat í áfangastað í Offenburg á tilteknum tíma. Lentum hinsvegar í töluverðri umferðarteppu á leið út úr Colmar og nokkrir höfðu áhyggjur af að maturinn yrði kaldur!

*Í Colmar borg er kvöldar fer,
er kraðak oft um stíga.
Um áttaleytið ætlum vér,
í Offenburg að míga.*

Næsta kvöld var farið á vínhátíð í Durbach, smáborg skammt frá Offenburg. Varð sjálfur vitni að því er Sveinn kom að sækja okkur aftur á hátíðarsvæðið, en götum að því hafði verið lokað meðan gleðin stóð og varð kappinn að aka afturábak langa leið til að spara okkur sporin að rútunni.

*Fer hann stundum villur vegar,
verður af því nokkuð skak.
En karlinn ekki klikkar þegar,
kemur hann afturábak.*



bæinn. Þar var ýmislegt að sjá meðal annars litlu Feneyjar.

Gott veður í dag og veðurfræðingar ferðarinnar lofa að það haldist. Nú skal fara til Heidelberg og skoða sig um. Við byrjuðum á að fara upp í kastalann og ganga um í garðinum. Þar var gott útsýni yfir borgina, ána Neckar og nágrenni. Mikið hefur hrunið af kastalanum og er byrjað að byggja hann upp og hluta garðsins í kring. Í garðinum rákumst við á ansi skemmtilegan gosbrunn, sem var stytta af Bakkusi. Inni í kastalanum skoðuðum við stærri gerðina af vintunnu smíðaða 1751 og tók hún 221.726 lítra, sem ætti að hafa nægt handa nokkrum þegar lagt var í hana fulla. Út á svölunum var hægt að sjá fótspor í einni steinhellunni sem átti að vera eftir elskhuga kastalafrúarinnar er hann var að forða sér og áttu þeir sem pössuðu í fótsporið að vera góðir elskhugar. Heldur þótti mér þetta stökk ósennilegt miðað við gluggana á kastalanum og svo ekki sé minnst á hörku steinsins, en hvað um það, sagan var góð. Þá var gengið allar 300 og eitthvað tröppurnar niður í borgina til að líta á lengstu göngugötu í Evrópu 1,6 km. Þar var nóg af góðum veitingastöðum og sumir athuguðu hvað fengist í vöruhúsum H&M og C&D. Er við komum aftur til Offenburg var kvöldmatur borðaður og var þá búið að finna kartöflurnar (það var alltaf pasta) og ekki seinna vænna því þetta var síðasta kvöldmáltíðin á þessu hóteli. Eftir kvöldmatinn var farið til Durbach, gullna vínþorpsins. Þar var götuhátíð. Götunni var lokað, íbúar og gestir sátu við borð á götunni við át og drykkju. Þarna var bílasýning, tískusýningar og svo voru vínþænd-

ur að bjóða til sölu framleiðslu sína í húsasundum og bakgörðum. Veðrið var mjög ljúft, gaman að ganga um og kanna hvað var á boðstólum.

Eftir morgunverð pökkuðum við saman og yfirgáfum Pálmagarðinn, sem ég held að öllum hafi líkað vel að vera á. Nú var stefnan tekin á Sviss í sama góða veðrinu. Við komum til Brunnen eftir hádegðið, bæjar við „Fagraskóg-arvatnið“, sem er í um 430 m yfir sjávarmáli. Það var sólarlitið og um 20°C. Hótel Eden í Brunnen var byggt upp við klettavegginn og byggt við nokkrum sinnum, ekki lúxus og engin epli. Þegar fólkíð var búið að sjá herbergin sín, sem voru frekar misjöfn, fóru nokkrir á næsta hóteli. Hótelin stóðu niður við vatnið og var mjög fallegt útsýni þarna. Á eftir fórum við í siglingu um suðurhluta vatnsins. Mjög fallegt landslag er við vatnið, við sáum litla fallega bæi, hrikalega vegalagningu utan í



hlíðunum og í berginu þar sem klettarnir rísa himinháir úr vatninu. Að þorpinu Bauen kom ekki vegur fyrr en 1956. Fyrsta þinghúsið í sýslunni var byggt á 14. öld en brann og var endurbyggt á 18. öld. Siglt var fram hjá Schillersteininum sem er 30-40 m hár. Á vatnsbakkanum var lítil falleg kapella til minningar um Vilhjálmm Tell frelsisheitju Svisslendinga. Um kvöldið var veðrið indælt og gott að labba við vatnið, kíkjá við á kránum og hlusta á tónlistina.

Í dag er sunnudagur og þá er auðvitað sofið út, ekki farið af stað fyrr en klukkustund seinna en venjulega eða kl. 10. Góður dagur framundan, hitinn að hækka og nú skal fara til Luzern. Nafnið á borginni þýðir lampi eða kyndill. Á leiðinni var ákveðið að byrja á að fara upp á fjallið Pílatas sem er 2.118 m hátt. Það var það geggaðasta og eftirminnilegasta í ferðinni. Farið var í toglyftum upp, gegnum tvær skiptistöðvar og á seinni þurfti að skipta um vagn, sem fór nánast beint upp með berginu. Útsýnið þar uppi yfir landið í kring var magnað, alveg heiðskýrt og nánast logn. Byggingarnar og mannvirkin var líka mjög gaman að skoða. Varla er hægt að lýsa með orðum hvernig var að koma þarna upp, en nóg um það. Seinni partinn er við komum niður í

borgina, var hitinn orðinn 32°C. Þá var farið að ljóninu, minnismerki um frönsku innrás Lúðvíks 14. árið 1792, frá 1819 eftir Bertel Thorvaldsen. Svo var gengið um mjög gamla yfirbyggða brú frá árinu 1333. Öðruvísi brú en við höfum áður skoðað. Ofan við þverbitana á brúnni voru máluð listaverk. Svo var gott að fá sér ís og bjór til kælingar.

Nýr dagur og aftur skal pakka niður og halda til Þýskalands. Fyrir höndum liggur löng keyrsla til lítils bæjar við Rín er heitir Rudesheim. Veðrið var mjög hlýtt og gott, en fljótt varð hitinn nokkuð mikill fyrir okkur Íslendingana. Þegar hann var kominn yfir 30°C fór svitinn að spretta fram og nauðsynlegt að drekka vel. Parkhotel í Rudesheim leit afskaplega vel út við fyrstu athugun, herbergin fin og



■■■■ pacta.is

Fagmenn á heimavelli



Asgeir Örn Jóhannsson, löglaerður fulltrúi hóf störf hjá Pacta að loknu meistaraþrófi í lögfræði, í júní 2008.

Gunnar Sólmes hrl. hefur starfað við lögmennsku síðan 1968 og hjá Pacta síðan í mars 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson, hdl. hefur starfað hjá Pacta síðan 2004.

Við bjuggum á Palmengarten, í Offenburg sem tilheyrir Balladins hótelleðjunni. Við innkeyrsluna að hótelinu, sem var býsna þröng, voru súlur tvær eða fleiri annars vegar. Í einhverjum troðningi við að mæta öðrum eðalvögnum þarna innkeyrslunni hafði einhver svínað svo á Emelíu, bifreiðinni sem okkur flutti, að hún hallaði sér ógætilega að annarri súlunni og hlaut skrámur á belginn.

*Pálma er í garðinn gekk,
gerðist nokkur vansi.
Emelía fleiður fékk,
í föstum súludansi.*

Farið var til Lúsern í Sviss og mikil ævintýraferð með kláfum uppá fjallið Pílatas þar upp af.

Súlur þeirra Lúsernbúa. Nóg var nú útsýnið og nógur veislukostur þarna uppi.

*Á Pílatasarfjallið var þrilað nokkuð hátt,
og þilsnerinn þar teygður af glösum.
Í Lúzenborg á eftir var liðið nokkuð kátt,
og lét sem engin blása þyrfti úr nösum.*

Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Með samræmdu upplýsingakerfi og nútíma samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu annarra lögmanna stofunnar hvar sem þeir starfa á landinu.

Ólafur Rúnar, Gunnar og Asgeir Örn eru í öfluglu liði 20 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðipjónustu og ráðgjöf.

Hafðu samband við Páley í síma 440 7900

■ Hafðu samband við okkur í síma 440 7900 eða á netfangið pacta@pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

Hafnarstræti 91-95 · 600 Akureyri · Sími 440 7900

Í Basel sem er við landamærin við Þýska-land var sjoppustans á báðum leiðum. Einnhverjir höfðu tekið eftir "leikfangabúð" á horni á móti sjoppunni skilst mér, en ég sá aldrei neitt.

*Á horni einu í Baselborg,
er búð sem margan tefur.
Hvað þar fæst ei fer á torg,
fyrir en nauðsyn krefur.*

Síðasti svefnstaður okkar var í Rudesheim við Rín. Sveinn hafði sagt okkur sögur af vangaveltum sveitunga sinna um litinn á rútunni Emelíu, sem er mismikið bleik á lit.

*Ein er bifreið býsna spræk,
brunar um Rínarslóða.
Innanpíku er með kæk,
Emelían góða.*

Matsalurinn á hótelinu í Rudesheim var nokkuð bleiktjaldaður að mati undirritaðs, svolítið í ætt við lit rútunnar Emelíu, og þá kom honum þetta í hug við síðustu kvöldmáltíðina þar,

*Í Rudesheim í Rínardal,
rólega við snæðum.
Erum hér í afbragðssal,
með innanpíkuklæðum.*

Í Rudesheim var mikil hitamolla. 30 gráður rúmlega á celsius lengst af, en annað fréttist af heimaslóðum.


*Að heiman heyrast fréttirnar,
harðnar enn í ári.
En hérna stikna stéttirnar,
í stinningshitafári.*

Að lokum á heimleið til Frankfurt í flug.

*Harpa og Steini stjórmað hafa,
stóði miklu um Rínarslóðir.
Gengi hefur vel án vafa,
virðast flestir nokkuð góðir
Sveinn hinn káti, í sveigum stórum,
svalur stýrir Emmu píu
Ætla það við ef að tórum,
Íta-næst við heiðrum -líu.*

Við hjónin þökkum fyrir ánægjulega ferð.

Kristján H. Theodórsson.



rúmið brotnaði ekki þó maður hlammaði sér niður á það. Þá var að drífa sig í kalda sturtu og mæta í kvöldmat. Í matinn var ljúffengur vatnafiskur sem ég man ekki lengur nafn á, en bragðið er enn í minningunni. Ekki var þetta kyrrlátur kvöldverður, því ekki heyrðist mannsins mál þegar lestirnar fóru hjá hinum megin við götuna framan við hótelið. Þetta voru oft langar flutningalestir með 30-40 vögnum, kannski fleiri. Eftir kvöldmat var farið í kvöldgöngu og fundum við ágætis krá með lífandi tónlist sem við stönsuðum á.

Í dag er frjáls dagur hér í Rudesheim, afskaplega hlýtt og gott. En nóttin var ekki eins góð eða réttara væri að segja hljóðlát. Herbergið okkar var götu megin og alltaf þegar ég var við það að sofna fór lest hjá, svo í staðinn fyrir að telja kindur til að sofna var bara að telja lestir. Það var áhugi fyrir siglingu á Rín og var

athugað hvenær ferðir væru og virtist nógur tími svo við fórum nokkur með kláf upp fyrir bæinn að Niederwalddenkmal minnismerki Rudesheim, gyðjuna með englana Stríð og Frið sinn til hvorrar handar. Niðri í bænum skoðuðum við falleg gömul hús og skemmtilegar búðir. Þegar við komum aftur á hótelið var báturinn að fara frá bryggju og aðeins fáir höfðu komið nógu snemma til að ná þeirri ferð. En þá var bara að kanna búðirnar betur og vera klár í næstu ferð. Afar heitt var og gott að fara á bátnum út á ána í tveggja tíma siglingu og margt athyglisvert að sjá. Eftir siglinguna var mjög ljúft að fara í kalda sturtu fyrir kvöldmatinn. Eftir kvöldmat var fjölmennt á krána sem við fundum kvöldið áður til að dansa og eldkaffið var vinsælt. Heldur gekk betur að sofna um kvöldið þegar búíð var að loka glugganum og draga rimlatjöldin vandlega fyrir.

Þá er það heimferðardagurinn. Morgunmat, pakka niður og gera klárt fyrir brottför. Lögðum svo af stað frá hótelinu kl. 10:30. Ferðin gekk vel og komum við tímanlega á flugvöllinn. Kvöddum Svenna og Möggu sem áttu stóran þátt í hvað ferðin gekk vel og var skemmtileg. Er við biðum í röðinni við innritunina komu fullt af öryggisvörðum og rýmdu svæðið vegna sprengjuleitar í óskilapakka. En allt fór vel og við náðum fluginu okkar sem var á réttum tíma. Á Keflavíkurflugvelli kvöddum við Hörpu og þökkum henni fyrir góða leiðsögn og fröðleik. Þar voru líka kvaddir nokkrir ferðafélagar, en afgangurinn af liðinu fór með Steina og Róbert norður í bílaleigubílunum og stóðu þeir sig með ágætum í ferðinni. Takk kærlega fyrir mig.

Ólöf Tryggvadóttir

Myndir: Guðrún Lóa Leonardsdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Miscellaneous information

December bonuses

Eining-lðja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as full-time employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus.

According to the wage contract concluded with the Municipal Wages and Salaries Commission, the December bonus is kr. 75,500.

According to Eining-lðja contracts with the State, however, and wage and salary contracts on the general labour market, the bonus is kr. 48,800. This year, workers are getting special payment in addition to the December bonus, kr. 15,000. Those who are full-time employees shall receive a total of kr. 63,800

State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.

Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-lðja that they have four good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafjarðarsveit as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík and Egilsstaðir. The autumn and winter rents cover the period from 15 September to 1 June.

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-lðja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 635. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

Health fund

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example it is possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 300,000.

The payments for the membership in a gym are about 35% of the bill, highest kr. 10,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 15,000 every three years. Payments for buying hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 15,000 every three years.



Please remind!

Meetings of the administrative council of the health fund Eining-lðja is held once a month. Cases which have to be decided about in the meeting have to be brought to the office at last every 27th of each month. Requests for all payments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy, massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

Learn about the study grants!

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-lðja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-lðja urges its

members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds *Landsmennt* (landsmennt.is), *Sveitamennt* (sveitamennt.is) and *Ríkismennt* (rikismennt.is).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 60,000 although it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work. Union members can also apply for grants relating to courses undertaken in their free time or as hobbies. Such courses are supported to the tune of 50% of total cost as long as the amount does not exceed kr. 18,000. Please note that free time/hobby grants are deducted from the total individual grant.

Union members are entitled to a grant of kr. 100,000 when training for a professional driver's licence. The grant is only available once to each individual. It does not matter whether all four sections of the professional driver's licence are included in the training.

The Eining-lðja home page www.ein.is presents leaflets from Landsmennt which have been translated into English, Spanish, Thai and Polish. Also leaflet in English from Ríkismennt.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

PLEASE NOTE!

It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-lðja, tel. 460 3600, if you need assistance.

Leggur þú þitt af mörkum?

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Ríkisskattstjóri tóku höndum saman í baráttunni gegn skattsvikum með átaki sem bar yfirskriftina, Leggur þú þitt af mörkum. Því var og er ætlað að hvetja atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum sínum í milli. Athyglinni var beint sérstaklega að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og var lögð áhersla á að svört atvinnustarfssemi, undanskot á launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild.

Lögð er áhersla á að hér sé einn vinnumarkaður þar sem allir spila eftir sömu leikreglum. Þegar margir svindla á leikreglunum getur það sýkt heilu atvinnugreinarnar með þeim afleiðingum að samkeppnishæfnin skekkist. Þá standa þeir höllum fæti sem sýna samfélagslega ábyrgð og eru með sitt á hreinu. Þannig samfélag viljum við ekki. Þetta er í raun framhald af átaki um vinnustaðaskirteini sem stendur yfir hjá ASÍ og SA.



Gott samstarf

Einn hópur var að störfum á Norðurlandi og heimsótti hann fyrirtæki alveg frá Hrutáfirði og til Vopnafjarðar. Þorsteinn E. Arnórsson, starfsmaður félagsins og einn af fjórum eftirlitsmönnum með vinnustaðaskilríkjum á svæðinu, var mest á ferð með hópnum. Hann segir að samstarfið hafi gengið mjög vel fyrir sig. „Verkefnið er mjög verðugt og vona ég að áframhald verði á því. Ég er sammála Jóhanni G. Ásgrímssyni, hjá ríkisskattstjóra sem leitt hefur verkefnið, en hann segir að þetta sé ekki átak heldur langtímaverkefni. Það er greinilegt að ávinningurinn er mikill og þarna fáum við líka gott tækifæri til að fara með ýmiss konar upplýsingar inn á vinnustaði. Þegar niðurstöður eru skoðaðar þá verð ég að viðurkenna að umfang svartrar atvinnustarfssemi kemur á óvart.“

Þorsteinn segir að þörf sé á að breyta hugarfari fólks og fá samfélagið til að átta sig á að öllum beri að leggja sitt af mörkum til samfélagsins svo sem lög gera ráð fyrir. „Undanskot tekna og duldar launagreiðslur eru ekki einkamál þeirra sem slíkt stunda, tap þjóðarþúsins vegna svartrar atvinnustarfssemi hjá fyrirtækjum sem eru með veltu undir einum milljarði á ári nemur 13,8 milljörðum á ári. Þetta eru háar fjárhæðir sem skipta miklu máli á Íslandi í dag. Við skulum líka átta okkur á því að hérna er ekki bara um að ræða að tekjur skili sér ekki í sameiginlega sjóði landsmanna, heldur eru afleiðingarnar lakari kjör einstaklinga og töpuð réttindi á vinnumarkaði.“

Helmingur rekstraraðila með frávík

Meðan á átakanu stóð voru 2.024 lögaðilar kannaðir með heimsóknum á 2.136 starfstöðvar um land allt. Þá voru skráðir 6.167 starfsmenn í þessum heimsóknum en 12% þeirra voru ekki á staðgreiðsluskrá og var því um svarta vinnu að ræða.

Áberandi var hversu mikið þekkingarleysi er á markmiðum og innihaldi laga og reglugerða um tekjuskráningu, virðisaukaskatt og staðgreiðslu sem og á kjarasamningum. Þetta eru alvarlegir áhættuþættir sem líklegt er að leiði til rangrar meðferðar á sköttum, gjöldum og kjarasamningsbundnum réttindum. Reyndust vera einhver frávík frá réttri framkvæmd hjá yfir helmingi fyrirtækja sem heimsótt voru eða í 55,3% tilfella.



Bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt komandi ár

BÚTUR
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
AKUREYRI
Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



Við óskum viðskiptavinum
og starfsmönnum gleðilegra jóla
og ljúffengs komandi árs.



Veidikortid 2012
37 vötn - eitt kort
Aðeins 6.000 kr.

FLEIRI VÖTN ÓBREYTT VERÐ
www.veidikortid.is

Starfslok – PACTA lögmenn, Akureyri

Uppsagnir eru því miður algengar í atvinnulífinu nú um stundir. Kemur þar margt til, en ljóst er að þjóðfélagið er enn að glíma við afleiðingar hrunsins. Gríðarlegur samdráttur efnahagslífsins og erfið skuldastaða fyrirtækja og hins opinbera hefur orðið til þess að uppsagnir starfsfólks eru nú algengari en áður þekktist. Mikilvægt er fyrir launþega að átta sig á því að ýmsar reglur gilda um uppsagnir og uppgjör í kjölfar þeirra en reglur þessar eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða opinbera starfsmenn eða starfsmenn í einkageiranum. Í þessari grein verður leitast við að varpa ljósi á þau atriði sem mikilvægt er að launþegar hafi í huga ef þeir verða fyrir því að missa starf sitt vegna uppsagnar.

I. Almenn um uppsagnir

Segja má að uppsögn sé einhliða ákvörðun annars aðila að ráðningarsamningi að segja samningnum upp. Uppsögn tekur gildi þegar hún berst þeim aðila sem er viðtakandi uppsagnarinnar, þ.e. eftir atvikum starfsmanni eða atvinnurekanda. Þannig þarf ekkert samþykki frá þeim sem uppsögn beinist að til þess að hún taki gildi.

Á almennum vinnumarkaði er uppsagnarfrestur 3 mánuðir eftir 6 mánaða starf, 1 mánuður eftir 3 mánaða starf og 1 vika á fyrstu 3 mánuðum í starfi. Uppsögn skal vera skrifleg og er miðað við að hún taki gildi um mánaðamót. Starfsmenn á opinberum vinnumarkaði eiga almennt rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti en hafa ber í huga að í sumum tilvikum er um lengri uppsagnarfrest að ræða, ýmist vegna ákvæða kjarasamninga eða ráðningarsamninga

II. Ástæður uppsagnar

Ýmsar ástæður geta verið fyrir uppsögn. Nú um stundir er algengt að uppsagnir stafi af samdrætti í atvinnulífinu. Þó geta fleiri ástæður komið til. Nokkuð er um að starfsmönnum sé sagt upp vegna brota í starfi og kemur þá stundum til þess að viðkomandi starfsmanni séu ekki greidd laun í uppsagnarfresti. Almenna reglan er sú að það þarf töluvert að koma til svo að brot á ráðningarsamningi réttlæti fyrirvaralausla uppsögn. Ef atvinnurekandi segir starfsmanni upp á atvinnurekandinn almennt val um það hvort hann notar vinnuframlag starfsmannsins á uppsagnarfrestinum

(lætur starfsmanninn vinna uppsagnarfrestinn) en hafni hann vinnuframlagi ætti starfsmaðurinn að bjóða það fram á uppsagnarfrestinum, af því að með því er hann að virða uppsagnarákvæði samningsins. Uppsögn þýðir því ekki sjálfkrafa að starfsmaðurinn eigi að fara af vinnustaðnum þá þegar en starfsmenn eiga rétt á því að fá uppsagnarfrestinn greiddan, óháð vinnuframlagi.

III. Rökstuðningur fyrir uppsögn

Opinberir starfsmenn eiga rétt á að fá skriflegan rökstuðning fyrir uppsögn samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996, kjarasamningum og stjórnvísulögum nr. 37/1993. Á almennum vinnumarkaði gildir sams konar regla sem kveður á um það að starfsmaður, sem sagt hefur verið upp störfum, eigi rétt á viðtali um

„Ástæða er til þess að hvetja fólk til þess að kanna rétt sinn og stöðu við uppsögn og athuga vel hvort rétt hefur verið staðið að uppsögninni.“

starfslok sín og ástæður uppsagnarinnar og skuli hann setja fram beiðni þess efnis innan fjögurra sólarhringa frá því að uppsögn kom til. Fallist atvinnurekandi á þessa ósk starfsmannsins skal viðtalið eiga sér stað innan fjögurra sólarhringa frá því að beiðnin kom fram.

Fallist atvinnurekandi ekki á viðtal eða ef starfsmaður óskar þess eftir að viðtal hefur farið fram, skal atvinnurekandi skýra ástæður uppsagnarinnar skriflega en fallist atvinnurekandi ekki á það, á starfsmaður skýlausan rétt á því

að gefnar verði skýringar á uppsögninni á fundi með starfsmanninum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns líkt og kveðið er á um í kjarasamningum.

Með vísan til þessa er ljóst að starfsmaður á rétt á því að ástæður uppsagnar hans séu skýrðar og þær rökstuddar á fullnægjandi hátt. Af þessu leiðir jafnframt að ástæður uppsagnar verða að vera byggðar á málefnalegum rökum og réttilega að þeim staðið. Ef brotið er á rétti starfsmanns hvað varðar uppsögn getur komið til þess að starfsmaður eigi rétt á bótum vegna ólögætrar uppsagnar en til eru dómur þar sem staðfest hefur verið að starfsmaður, sem sagt hefur verið upp án þess að til staðar hafi verið málefleg rök eða uppsögn að öðru leyti ekki í samræmi við lög/eða kjarasamninga, eigi rétt á bótum vegna uppsagnarinnar.

Uppsögn breytir ekki ein og sér efni ráðningarsamnings á uppsagnarfresti. Á uppsagnarfresti ber því að fara eftir ákvæðum samningsins, starfsmaður að vinna störf sín og atvinnurekandi að greiða laun.

IV. Uppsagnarfrestur

Á uppsagnarfresti er ráðningarsamningur enn í gildi sem þýðir að aðilum samningsins, þ.e. atvinnurekanda annars vegar og starfsmanni hins vegar, ber að uppfylla skyldur sínar í öllum meginatriðum. Þannig ber starfsmanni að inna af hendi störf sín og atvinnurekanda að greiða honum laun fyrir. Algengt er að atvinnurekandi óski ekki eftir vinnuframlagi starfsmanns á uppsagnarfrestinum og er honum það heimilt, svo framarlega sem hann greiði starfsmanninum laun út uppsagnarfrestinn. Þar sem ráðningarsamningur aðila á milli er í fullu gildi á uppsagnarfresti fara starfsmenn á engan hátt á mis við þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér og halda áfram að ávinna sér réttindi allt þar til uppsagnarfresti lýkur. Við lok uppsagnarfrestsins lýkur ráðningarsambandi aðila endanlega og á þá starfsmaðurinn rétt á því að fram fari lokauppgjör þar sem tekið er mið af áunnu orlofi, desemberuppbót auk annarra greiðslna sem samið hefur verið um eða kveðið er á um í kjarasamningum.

V. Samantekt

Uppsögn úr starfi er einhliða ákvörðun sem tekur gildi þegar hún berst móttakanda og byrjar uppsagnarfrestur almennt að líða frá næstu mánaðamótum. Uppsagnarfrestur er mismunandi en algengast er að hann sé þrjú

mánuðir. Að baki ákvörðun um uppsögn verða að vera málefnaleg rök og eiga starfsmenn rétt á því að ástæður uppsagnarinnar séu skýrðar og rökstuddar. Á uppsagnarfresti er ráðningarsamningur í fullu gildi og telst ráðningarsambandi ekki lokið fyrr en uppsagnarfresti lýkur. Við lok uppsagnarfrestsins lýkur ráðningarsambandi aðila endanlega og á þá starfsmaðurinn

rétt á því að fram fari lokauppgjör þar sem tekið er mið af áunnu orlofi, desemberuppbót auk annarra greiðslna sem samið hefur verið um eða kveðið er á um í kjarasamningum.

Við uppsögn er ekki ólíklegt að margar spurningar vakni hjá starfsmanni sem fyrir því verður að missa starfið. Ástæða er til þess að hvetja fólk til þess að kanna rétt sinn og stöðu

við uppsögn og athuga vel hvort rétt hefur verið staðið að uppsögninni. Lögmennt geta veitt aðstoð við að skoða réttarstöðu við uppsögn en launþegar geta einnig leitað til síns stéttarfélags, þar sem aðstoð má fá við að fara yfir aðstæður.

PACTA lögmennt, Akureyri

Trúnaðarmaðurinn

Trúnaðarmaðurinn er tengiliður starfsfólks á vinnustað bæði við Einingu-löju og atvinnurekandann. Hann á að auðvelda samskipti milli þessara aðila, enda á hann að eiga greiða leið að upplýsingum. Það að vera valinn trúnaðarmaður sýnir að viðkomandi er treyst. Jafnframt eru gerðar kröfur um að hann standi sig vel í starfi og sýni lipurð í mannlegum samskiptum. Allar upplýsingar sem trúnaðarmenn verða áskynja í starfi sínu eru trúnaðarmál og er mikil áhersla lögð á að þeir leiti til félagsins með ágreiðingsefni sem upp kunna að koma á vinnustaðnum svo hægt sé að aðstoða við lausn þeirra. Allir trúnaðarmenn falla undir nýjar siðareglur félagsins, en í þeim er m.a. fjallað um þagnarskyldu og trúnað.

Hlutverk trúnaðarmannsins er m.a. að gæta þess að samningar séu haldnir á vinnustaðnum og lög ekki brotin á starfsfólki. Starfsfólk á að upplifa það þannig að dyr trúnaðarmannsins standi því ávallt opnar og það geti óhikað leitað til hans, jafnvel með erfið og viðkvæm mál. Að sama skapi á trúnaðarmaðurinn að hafa óheftan aðgang að nauðsynlegum

upplýsingum hjá atvinnurekandanum og Einingu-löju.

Kosning

Starfsmenn á viðkomandi vinnustað kjósa sér trúnaðarmann til tveggja ára í senn. Kosning fer fram í samráði við Einingu-löju, en Brynja Skarphéðinsdóttir heldur utan um þessi mál hjá félaginu. Kjósa má trúnaðarmann á vinnustað þar sem starfa fimm manns eða fleiri. Ef starfsmenn eru fleiri en 50 má kjósa tvo trúnaðarmenn.

Fræðsla

Til að efla trúnaðarmanninn í starfi stendur félagið fyrir námskeiðum og fræðslu, m.a. trúnaðarmannanámskeiðum. Félagsmálaskóli alþýðu sér um slík námskeið, sem eru byggð upp í sjö þrepum. Fjallað er m.a. um störf trúnaðarmannsins, samskipti á vinnustað, starfsemi stéttarfélaga, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, launaseðla og margt fleira. Daglaun skerðast ekki meðan trúnaðarmaður situr slík námskeið.



Trúnaðarsystkini

Nýlega stóð félagið fyrir trúnaðarmannanámskeiði á fyrsta þrepi. Það námskeið sátu m.a. systkinin Edda Lydía Waage og Marínó Waage Marínósson en þau eru bæði nýlega tekin við sem trúnaðarmenn á sínum vinnustað. Edda starfar á Öldrunarheimilinu Hlíð og Marínó í Becromal. Þau segja að ekki sé mikil reynsla komin á störf þeirra sem trúnaðarmenn en voru bæði mjög ánægð með námskeiðið sem þau sátu og sögðu að nauðsynlegt væri fyrir trúnaðarmenn að fá fræðslu sem þessa.

Jólagjöfin fæst í EJS



Okkar ábyrgð

Grensásvegi 10 | Tryggvabraut 10 | 463 3000
108 Reykjavík | 600 Akureyri | sala@ejs.is

EJS | HLUTI AF SKÝRR



Fjallaferð 7.-10. ágúst 2011

Dagur 1

50 manna hópur á vegum Einingar-löju hélt upp frá bílastæðinu við Skipagötu sunnudagsmorguninn 7. ágúst 2011. Einhver misskilningur var um brottfarartímann og þurfti því að aka upp Þingvallastræti til að sækja þann sem hélt að leggja ætti af stað kl. 9, en ekki kl. 8 eins og útgef-in áætlun hafði hljóðað uppá.

Það mun vera orðin hefð að Sveinn Sigurbjarnarson sé bílstjóri í þessum ferðum, í þetta skiptið var hann á bílnum Maddý. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, var fararstjóri og Inga Rósa Þórðardóttir leiðsögumaður. Aldursdreifing ferðafélaganna var mjög góð, því aldursmunur var 84 ár, sú elsta 90 ára og sú yngsta 6 ára.

Eftir krókinn upp á brekku var ekið sem leið liggur austur á bóginn og stoppað á Fosshóli, enda eini staðurinn á dagleiðinni þar sem hægt var að losa og lesta áður en haldið var af stað upp á öræfi. Svenni gerði sig líklegan til að beygja upp að Goðafossi, en þeim úturkróki var mótmælt. Einhver sagði að hann hefði sennilega haldið að afleggjarinn væri hringtorg, en sagan segir að sést hafi til hans aka í það minnsta einn og hálfan hring í hringtorgi um morguninn og gátu þeir sömu sér þess til að það væri ein af hans aðalskemmtunum á ferðalögum.

Á leiðinni upp Bárðardal vestanverðan rifjaðist upp vísa Látra-Bjargar.

*Bárðardalur er besta sveit,
þó bæja sé langt í milli.
Þegið hef ég í þessum reit,
þyngsta magafylli.*

Ekið var upp að Aldeyjarfossi. Það þarf að ganga nokkurn spöl til að komast að honum og tók aldursdrottningin strikið með stafina sína tvo og varð fyrst niður að fossi. Fólk þótti mikið koma til fegurðar stuðlabergsins í kringum fossinn og fossins sjálfs. Á þessari leið sagði Inga Rósa okkur frá Þorgeirsbola og Gretti Ásmundssyni, sem heimsótti Bárðdælinga á sinni tíð undir nafninu Gestur. Einnig sagði hún okkur frá landnámsmanninum Bárði, sem reyndar fluttist suður á bóginn og varð þekktur sem Gnúpa-Bárður. Eftir hádegisstopp við Fossgilsmosa voru ferðalangarnir orðnir bæði saddir og sælir og sungu því nokkur lög. Forsöngvari var Vilhjálmur Björnsson, en hann bauð sig fram þegar óskað var eftir sjálfbodaliða. Láðst hafði greinilega að fá einn slíkan fyrirfram.

Þegar komið var upp á Sprengisand sáu sumir bara auðn og grjót á meðan aðrir sáu lambagras, eyrarrósir og jafnvel músareyru gægjast upp úr auðninni. Eitthvað heyrði ég líka minnst á melanóru, dýragras, hrafnaklukku og fífu og einhverjar fleiri jurtategundir. Það var mjög augljóst í þessari ferð að þar sem er vatn, þar er gróður.

Sól skein í heiði, en eitthvað var kvartað undan því að hennar nyti bara öðru megin í bílnum. Sumum fannst ansi heitt á meðan aðrir kvörtuðu undan kulda. Nokkur gola var, nægilega mikil til að hárgreiðsla nokkurra ferðafélaga ruglaðist þegar topplúgurnar voru opnaðar. Áð var í Nýjadal, sem reyndar ætti að heita Nýi-Jökuldalur og kom greinilega í ljós þegar við komum út úr bílnum að það var ekta gluggaveður, bjart en stíf gola. Á salemishurðum stóð að heimsókn þangað kostaði 400 kr. og þótti nokkuð dýrt.

Ekki kom þó til þess að greiðsla væri innt af hendi enda mun væntanlega vera um svokallað komugjald á staðinn að ræða, sem ferðaskipuleggjandinn innir af hendi. Nokkru eftir að við vorum komin aftur af stað *lögðum við krók á lykkju okkar af því að ferðin skaust*, eins og þeir segja víst sumir fyrir austan, því kaffistopp skyldi tekið við Kistuöldu. Boðið var til sætis í þurrum og hörðum sætum, nefnilega í grjóturð. Reyndar var kominn kuldaskítur og nutu því nokkrir nestisins inni í bíl, létu ekki spila með sig eins og ein kona orðaði það þegar við hin komum veðurbarin og vindþurrkuð inn í Maddý.

Inga Rósa hafði mikla unun af að segja okkur frá norðlenskum sveinum, sem þurftu að hafa fyrir því að sækja kvonfang sitt suður yfir heiðar. Þegar hér var komið sögu hafði hún tekið upp skemmtisagnabók Helga Seljan og var byrjuð að lesa upp úr henni. Eftir nokkurn lestur tók Bjössi við og las nokkra brandara.

Ekki komust allir fyrir í gistihúsinu í Hrauneyjum og þurfti að fá 12 sjálfbóðaliða til að gista á hótelinu. Það gekk greiðlega enda sagði Bjössi að þar væri bar og betri rúm, en þar sem við hin gistum.

Mætt var að Hótel Hrauneyjum um kl. 18:50. Bjössi og Inga Rósa skruppu inn til að sækja lykla að herbergjum. Nokkuð var rætt um að þau væru lengi, en því má ekki gleyma að bar er á hótelinu. Reyndar liðu ekki nema 5-10 mínútur áður en þau komu út hlaðin lykllum. Þau sem voru á hótelinu komu með okkur að gistihúsunum til að

snæða, því ekki má vera með eigin mat inni á hótelinu. Svenni gisti líka á hótelinu og fóru hótalgestir með honum um kvöldið og komu aftur með honum morguninn eftir.

Ferðalangarnir voru orðnir svangir þegar komið var í gististað og tóku vel til matar síns. Einhverjir fóru í göngu og eða í sturtu, en annars leið kvöldið fljótt við spjall og góða slökun. Eftir því sem best er vitað fóru allir snemma að sofa.

Dagur 2

Á gististaðnum okkar eru tveggja manna herbergi og var ekkert undan þeim að kvarta, en ákaflega hljóðbært var og



Göngu- og útivistarfolk

Umfar ehf. er sérhæft leiðsöguvyrirtæki á suðurhluta Vestfjarða.

Fjölbreytt framboð á leiðavali fyrir gönguhópa.

Út, út, út að ganga...


Skoðið framboð okkar á umfar.is eða hafið samband í síma 892 9227



Gleðileg jól
Gott og farsælt komandi ferðaár!



Menning · Saga · Náttúra



NÝTT OG GLÆSILEGT HÓTEL Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Hótel Klettur er vel búið og frábærlega staðsett nýtt hótél. Hentar sérstaklega vel fyrir verslunarferðir og ekki síður þegar á að brjóta upp hversdagsleikann og gera sér dagamun.



Mjölnisholt 12-14, 101 Reykjavík
Sími: 440 1600 / info@hotelklettur.is / hotelklettur.is



vöknuðum við um 6 leytið um morguninn við það að nokkrir ferðafélaganna fóru á kreik. Um 8 leytið kom fólk ofan af Hótelu og sagði aðspurt að það hefði farið á barinn, en mér skilst að úthaldið hafi ekki verið ýkja mikið. Í það minnsta var enginn þynnkusvipur á fólkinu. Nokkuð var rætt um verðlagningu á hótelinu, en kaffi mun hafa kostað 400 og morgunverður 1.700 eða 1.750 krónur.

Það var fremur kalt í veðri og nokkur vindur á mánu-dagsmorgninum, en heiðskirt og sólin var komin á sinn stað áður en við héldum af stað. Fyrst var ekið að Hrauneyjum til að skila lykllum. Inga Rósa falaðist eftir sögum af draumförum, en enginn gaf sig fram. Hóf hún því að segja okkur þjóðsögur og aðrar sögur. Í einu myndastoppi varð til orðatiltæki, sem heyrðist nokkrum sinnum í ferðinni. Ástæða þess var sú að Ásgrímur ljósmyndari var með í för og vakti nokkra athygli fyrir stellingar við myndatökur. Hann lagðist gjarnan á magann á jörðina og þá var sagt: *Ási er lagstur.*

Fjall eitt á þessum slóðum heitir Löðmundur og var nokkuð rætt um hvað orðið Löð þýðir og kom einhver með þá skýringu að löð væri til í vefstól, en vanar vefkonur þekktu orðið ekki. Samkvæmt orðabók hefur orðið löð nokkrar merkingar, það er til að mynda notað yfir járnflein með götum sem naglar voru mótaðar í eða gat á steðja. Löð getur einnig merkt gestrisni eða heimboð og þekkt er orðtækið að eitthvað falli í ljúfa löð.



Á leiðinni inn í Friðland að fjallabaki sagði Inga Rósa að við værum ekki á Fjallabaksleið nyrðri, heldur á Þvottabrettisleið. Það nafn lýsti veginum býsna vel. Ekið var upp að Ljótapólli og töldu margir nafngiftina öfugmæli fremur en sannmæli. Nú var ekki langt í Landmannalaugar. Þar snæddi fólk hádegisverð, gekk um svæðið og skoðaði sig um. Sumir litu líka inn í verslunina á staðnum, en hún er í gamalli rútu sem man örugglega fífil sinn fegurri. Það var óneitanlega erfitt að slíta sig úr þessu glettilega fallega umhverfi í blíðviðrinu. Það sást ekki ský á himni og sól skein í heiði, nú var líka komið logn eða því sem næst og vötn öll spegilsslétt.

Önnur leið var ekin úr Laugum, beygt í austur og farið Jökuldali. Inn undir fjöllum eru Gláðheimar, þar er gamall bústaður og var greinilega verið að endurbæta eða byggja við hann. Inga Rósa sagði að nú væri Bjössi glaður, því þarna væri verið að skapa atvinnu.

Eftir nokkurn akstur var beygt inn að Langasjó. Þar neyttum við nestisins, síðan gengu margir upp á hæð til að njóta enn betur útsýnisins yfir sjóinn eða vatnið, því varla getur sjór verið inni í miðju landi. Ýmis konar kynjamyndir eru í fjöllum og dáðumst við einnig að þeim. Blautulón voru nú á vinstri hönd. Ferðafélagarnir litu þangað, því nokkru áður hafði rúta með tékkneskum bílstjóra og farþegum farið þar á bólakaf, en sem betur fer höfðu allir bjargast á undraverðan hátt. Sáum við nokkra bíla á svæðinu og kom síðar í ljós að verið var að undirbúa það að ná rúttunni upp.

Inga Rósa las öðru hverju upp úr Seljan og Villi stjórnaði fjöldasöng á meðan umhverfið gaf ekki tilefni til sögulegra frásagna. Við komum niður á veg við fjallið Herðubreið og beygðum þá inn að Eldgjá. Þorvaldur Thoroddsen gaf gjánni nafn og þykir það vel heppnað hjá honum. Stór-brotin náttúra blasti við augum þegar komið var inn í gjána. Eftir að hafa gengið um hana í nokkra stund fórum við beint niður að gististaðnum Hólaskjól.

Þegar komið var í náttstað vildu nokkrir skella sér í sturtu. Vatnið var ískalt og voru flestir mjög snöggir í sturtunni. Eiður Matt tók þó sinn tíma og sagði á eftir að nú kynni hann leið til að spara heita vatnið, bara fara í kalda sturtu. Sú kenning komst á kreik að það þyrfti að borga til að fá heita vatnið, en á hurðinni stóð að það þyrfti að borga fyrir sturtuna. Var leitað aðstoðar umsjónarmanna og kom þá í ljós vanþekking hituveitunotenda. Vatnið var einfaldlega svona lengi að hitna. Þegar það var orðið heitt líkaði fólki sturtan öllu betur. Morguninn eftir greiddum við svo sturtugjaldið með glöðu geði.

Meðan á stríðinu við sturtuna stóð var Bjössi að grilla og fékk hann nokkra einstaklinga í hlutverk snúningafólks. Þegar grillkjötið var tilbúið var það snætt með kartöflusalat og hrásalati og smakkaðist vel. Bjössi hafði einhverjar áhyggjur yfir því að kjötið væri varla nógu mikið, en annað kom á daginn, því þótt lystin væri góð hjá þreyttu ferðafólkinu var langt frá því að kjötið kláraðist.

Húsið sem flestir gistu í, Hólaskjól, var byggt árið 1971 sem gangnamannahús. Efnið í það var flutt á einum bíl austur og tók 2 vikur að reisa það og var sofið í því eftir mánuð. Gert var ráð fyrir 40 hestum á neðri hæðinni en



gangnamennirnir sváfu uppi. Á þessum slóðum taka haustgöngurnar eina viku og er smalað á fjórhjólum, gangandi og á báti. Hestar hafa víst ekki verið nýttir til smalamennsku í 4 ár eða svo. Rétt er að taka fram að báturinn er notaður á Langasjó.

Það komust ekki allir inn í húsið og því sváfu nokkrir í sumarhúsum sem reist höfðu verið þar skammt frá. Við sem vorum í gangnamannahúsinu sváfum í kojum á jarðhæðinni. Eitthvað var rætt um kynjaskiptingu og hvort þessi eða hinn karlinn væri að troða sér á milli kvenna. Ég varð var við að einn karlinn fór að útskýra fyrir konunum hvað það þýddi að vera á milli kvenna, en hef lúmskan grun um að það hafi ekki haft nein áhrif.

Dagur 3

Nokkrir einstaklingar fóru á stjá um kl. 6 á þriðjudagsmorguninum og þótti öðrum það einum of snemmt, enda er regla í öllum svona húsum að kyrrð skuli vera frá miðnættis til klukkan 7 að morgni. Sumir höfðu fengið sér kvöldgöngu upp með Syðri-Ófæru, til að skoða foss og stuðlaberg í kringum hann, dálítið fyrir ofan Hólaskjól. Aðrir gengu upp að fossinum og stuðlaberginu eftir að hafa snætt morgunverð.

Haldið var af stað rétt fyrir kl. 9. Inga Rósa sagði okkur frá því að þegar hún og Brynja á Einingu voru búnar að koma sér fyrir í efri koju í Hólaskjól sá þær Björna á vappi að leita sér að svefnstað. Þær buðu honum umsvifalaust að sofa á milli þeirra, en það var eins og við manninn mælt, hann tók strikið út og sá þær undir iljar hans þegar hann flýði. Hann kom sér síðan fyrir eins langt frá þeim og hann gat. Skömmu síðar kom Svenni inn í salinn. Þær buðu honum það sama. Hann sagði að sér litist vel á það, en fór út og héldu þær að hann væri að fara að sækja dótið sitt, en það reyndist ekki vera því hann sást ekki innandyrna fyrir en daginn eftir. Fljótlega kom í ljós að hann hafði sofði í lestinni í bílnum.

Skömmu eftir brottför um morguninn leitaðist Inga Rósa eins og fyrir draumförum fólks en fékk litlar undirtektir. Sagði hún þá frá því að sig hefði dreymt að þau Svenni hefðu verið á kafi við að hreinsa rotþró og jafnframt að draumurinn væri þegar kominn fram. Þannig var að nokkru áður en við héldum af stað um morguninn setti Inga Rósa töskuna sína við hjólin á bílnum. Svenni þurfti endilega að færa Maddý eitthvað til og lenti ofan á snyrtivörunum og fóru þær í mask. Leiðsögumaðurinn okkar sá því ekki fram á að geta klínt neinu framan í sig, en fór í þess stað að velta upp nöfnum á dýrustu og flottustu snyrtivörunum. Svenni bað okkur að fylgjast vel með henni því hún yrði fegurri með hverri mínúttunni sem hún notaði ekki þetta púður sitt og þrjál. Hann sagðist ekki vera vanur því að fólk legði dótið sitt við hjólin og hefði því keyrt yfir það eins og hund sem ekki hreyfði sig. Á meðan þessar umræður fóru fram kallaði kona ein aftan úr bílnum að það væri óþarfi að vera að klína þessu púðri og þrjáli framan í sig. Eftir þessar merku uppljóstranir hélt Inga Rósa áfram að segja okkur hrakfallasögur og svo þjóðsöguna af Kötlu.

Ekið var niður Skaftártungur alveg niður á þjóðveg, yfir brú á Eldvatni og var komið niður á þjóðveginn eftir um klukkustundar akstur. Ekið var austur að Hunkubökkum, en þar var beygt út af þjóðveginum og haldið áleiðis upp með Fjaðrá og var ferðinni heitið upp í Laka. Inga Rósa nýtti tímann vel og sagði okkur frá Móðuharðindunum og afleiðingum þeirra bæði héraendis og erlendis. Meðal annars stráféllu bæði skepnur og fólk.

JÓLAKVEÐJA
Sendum óskir um gleðileg jól
og farsæld nýju ári.
Þökkum kærlega fyrir
viðskiptin á árinu
Starfsmenn Dekkjahallarinnar



DEKKJAHÖLLIN
 REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

Það var búið að keyra í klukkustund og þrjú korter áður en stoppað var og þótti sumum heldur langt farið í einum áfanga. Leiðin inn að Lakagígum er ekki nema tæpir 50 km., en hún er ótrúlega löng miðað við kílómetrafjölda, enda gaf vegurinn ekki tækifæri til hraðaksturs. Gígaröðin er 25 km. löng og hafa þar verið taldir 135 gígar en erfitt er að telja þá. Gígarnir eru svokölluð blandgígaröð, því hraungígar og sprengigígar eru til skiptis.

Næsti áfangastaður var við Tjarnargíg, sem er sprengigígur og er mikil tjörn í botni hans. Útsýnispallur er við gíginn en göngustígur liggur frá honum, niður undir gíginn og meðfram honum. Er við vorum að hefja göngu að gígnum sáum við nokkra útlendinga vera að brasa við að koma grjóti fyrir í neti og vissum ekkert hvaðan á okkur stóð veðrið. Þegar við vorum að fara frá gígnum voru þeir komnir þangað. Voru þeir þá að flytja grjótið og var ætlunin að koma því fyrir í göngustígnum meðfram gígnum.

Ekkinn var hringur vestur fyrir gíginn, fyrst í hraunjaðrinum á milli Laka og Skaftár, en svo var beygt inn og austur í hraunið í átt að Blágili, en þar er tjaldstæði og var okkur sagt að kamarinn þar væri kemískur. Einhver sagði að það væri sennilega sjálfskeiðandi og þá var annar snöggur til og sagði að þessar kamarfrásagnir minntu sig á Spaugstofuna, því hann sá alveg fyrir sér manninn á bak við tjöldin. Meðan skakast var austur hraunið dró Inga Rósa upp *Fjallabyt*, ljóðabók Hákonar Aðalsteinssonar og las úr henni nokkrar vísur sem hentuðu vel. Svenni fór með 2 vísur sem Hákon hafði ort um hann og kom þar fram að Svenni endursegði bara lélegar sögur og lygi bara óviljandi. Vandinn er að það er erfitt að sanna slíkar um-sagnir.

Um hálf tíma kaffistopp var í Blágili og nokkru síðar var hringnum lokað. Þegar við vorum að aka frá Blágili sáum við hvar tveir mótorhjólamenn voru að reyna að þurrka sokkplögg sín. Þegar við komum að vöðunum sáum við ástæðuna og fylgdumst með þegar þeir hjálpuðust að við að selflytja hjólin yfir.

Stoppað var við Fagratönn, gengu ferðalangar að honum og litu á hann. Fossinn er ansi snotur en ýmsir ræddu þó um að margir fossar myndu bera þessa nafngift betur.



Næst var stoppað á Kirkjubæjarklaustri í um hálf tíma. Það var orðið langt síðan fólk hafði komist í sjöppu og var stoppið því nýtt til hins ýrasta, bæði til að njóta þess sem þar var í boði og eins til að bæta við nestisforðann. Við stoppuðum í smá stund við Jökulsárlón. Mörgum þeirra sem þar höfðu komið áður brá í brún þegar þeir sáu hve lítið var af jökum í lóninu. Stutt er þaðan í náttstað að Hrollaugsstöðum. Fólk fór strax að koma sér fyrir í tveggja til fimm manna herbergjunum, en síðan var boðið upp á afganginn af grillkjötinu og salatinu frá deginum áður. Þótt Bjössu hefði verið hræddur um að kjötið væri of lítið dugði það í þessa máltíð og meira að segja tókst ekki að klára það. Þegar við komum í næturstað var allt orðið rykugt af ösku, dótið í lestinni á bílnum, í öndunarfærum og eiginlega fannst okkur sem askan væri alls staðar, en samt þótti sumum rykið ótrúlega lítið miðað við öskuhaugana sem við höfðum séð um daginn.

Ferðalangarnir voru flestir orðnir þreyttir eftir daginn, enda var hann í lengra lagi og mikið skrólt á misgóðum malarvegum meiri hluta dagsins fór misvel í fólknið og heyrðist mér að flestir væru fegnir að skríða í ból.

Dagur 4

Miðvikudagurinn rann upp heiður og fagur. Að afloknum morgunverði og öðrum hefðbundnum morgunverkum var dótinu enn einu sinni raðað inn í bílinn og lagt af stað heim á leið. Fljótlega kom í ljós að Svenni dauðsá eftir afneituninni á mánudagskvöldið og raddir hvísluðu því að nú hefði hann fengið að sofa til fóta hjá dömumum. Þegar hann svaraði um morguninn hvað væri eftirminnilegast eftir ferðina var hann fljótur að svara að það væri tvímæla-laust síðasta nótt.

Þegar komið var til Hornafjarðar var ekið út í Ósland eða Gónhól eins og höllinn er líka nefndur. Þar er minnismerki um drukknaða sjómenn. Ekið var um plássið og síðan farið inn í verslunarmiðstöð staðarins. Margir litu inn



í Nettó og fengu sér svo kaffi og nýbakað meðlæti hjá Jóni bakara og var fólk mjög ánægt með það. Það var ekki búið að opna Rjómabúðina og held ég að það hafi ekki komið að sök, enginn þurft að bæta þar við nestið enda gat ég ekki séð annað en fólk færi mjög sparlega með görótta drykki.

Eftir um klukkustundar stöpp á Hornafirði var haldið af stað og farin göngin undir Almannaskarð. Það er svolítið sérstakt að segja frá því en þegar komið var í gegnum þau var ekið til baka upp á skarðið svo ferðalangarnir gætu notið útsýnisins yfir Hornafjörð. Er fólk hafði horft nægju sína var haldið aftur af stað og ekið í gegnum Lónið, yfir Hvalnes- og Þvottárskriður, fyrir Álftafjörð, Melrakknes og inn með Hamarsfirði. Þegar komið var inn í botn hans var ekið alla leið inn undir Hamarsfel til að finna góðan stað til að snæða hádegisverð. Grillkjötið frá mánudeginum var enn ekki uppurið þótt Bjóssi hefði tilkynnt á sínum tíma að það væri af skornum skammti. Naut fólk þess að snæða af því í þriðja skipti, en sumir reyndu að ganga á eigið nesti.

Þegar fólk hafði snætt nægju sína var ekið niður Hamarsfjörð og yfir Búlandsnes í Berufjörð. Þegar þangað kom var ekið beint niður í Innri-Gleðivík og skoðuð listaverk sem þar eru, egg sem Sigurður Guðmundsson gerði. Þeir sem ekki höfðu séð eggin áður gengu meðfram þeim, en aðrir sátu inni í rútu á meðan. Nokkur umræða varð um fjölda eggjanna og virtist sem sumir vildu rugla aðra, en eggin munu vera 34 talsins.

Þegar fólk hafði sest inn í rútna var ekið framhjá Ytri-Gleðivík og inn í þorpið Djúpvog, en þar skyldi áð um hríð enda vantaði Maddý orku, svo hún og Svenni gætu skilað okkur heilum heim. Flestir ferðalanganna litu inn í Löngubúð, Bakkabúð-handverk og Við voginn.

Fljótlega eftir að haldið var af stað frá Djúpvogi upphóf Inga Rósa lestur úr bók Stefáns Jónssonar, fyrrum fréttasögu og alþingismanns, *Að breyta fjalli*. Hún gerist einmitt á þessum slóðum og var ekki annað að heyra en fólk hefði gaman að, enda var Stefán skemmtilegur penni. Ekið var yfir Öxi og til Egilsstaða. Þar var stoppað nokkra stund og fóru sumir í kaupfélagið en aðrir í sjoppuna.

Einn ferðafélaginn var að fara niður í Jökulsárhlið og varð eftir við Brúarás. Við hin héldum áfram upp Jökuldal og flugu þá ýmsar sögur af Jökuldælingum. Þeir er ekki



sagðir þurfa klukku, því þeir hafi sólina. Það má eiginlega segja um þá eins og gjarnan er sagt um þá sem þjuggu á Dröngum, nyrst í Strandasýslu, að þeir borða þegar þeir eru svangir og vakna þegar þeir eru búnir að sofa.

Þegar komið var upp á heiðina ofan við Skjöldófsstaði var ekið inn á gamla þjóðveginn að eyðibýlinu Ármótaseli, sem fór í eyði 1943. Áður var þó nokkur byggð á Jökuldalsheiðinni og einnig á Vopnafjarðarheiði. Gunnar Gunnarsson rithöfundur fjallar um þær og einkum þá síðarnefndu í bókum sínum *Heiðarharmur* og *Sálumessa*. Inga Rósa las fyrir okkur kafla úr þeirri fyrrnefndu. Áfram var haldið yfir Mývatnsöræfi og þegar komið var að Jökulsá á Fjöllum las Inga Rósa fyrir okkur stuttan kafla úr *Aðventu* Gunnars Gunnarssonar, en sú bók fjallar um ævintýri Benedikts Sigurjónssonar eða Fjalla-Bensa, sem var þekktur sem smalamaður á þessum slóðum. Áð var um stund í Seli við Skútustaði í Mývatnssveit, en síðan ekið rակleiddis til Akureyrar og þangað var komið á níunda tímanum um kvöldið.

Ferðin tókst vel í alla staði. Bill og bílstjóri skiluðu okkur öllum heilum heim. Fararstjóri og leiðsögumaður stóðu sig með þryði. Ferðafélagarnir voru allir til sóma að því er ég best veit og hef reyndar enga ástæðu til að ætla annað. Sól skein í heiði hér um bil allan tímann og vildu sumir halda því fram að leiðarlökum að svo hefði alltaf verið í ferðunum með Einingu-löju. Ég fór í slíka ferð í grenjandi rigningu fyrir 5 árum, en síðan hefur sólin reyndar skinið í hjartanu, því þá sá ég í fyrsta skipti konuna sem nú er mín elskulega eiginkona. Veit ekki til að neinir neistar hafi kviknað í þessari ferð, en maður veit aldrei.

Þessum ferðaminningum lýk ég með því að þakka fyrir samfylgdina og ánægjulegar samverustundir í ágúst 2011.

Hallgrímur Gíslason
Myndir: Ásgrímur Ágústsson
og Björn Snæbjörnsson



Flutningskostnaður vei

Mikið hefur verið fjallað um flutningskostnað fyrirtækja á landsbyggðinni að undanfögnu. Þar sem fjölmörg fyrirtæki á félagssvæði Einingar-löðu fá aðföng langar leiðir að og þurfa síðan að flytja framleiðsluvöru sína á markað fjarri heimabyggð fékk blaðið forsvarsmenn nokkurra fyrirtækja til að svara í stuttu máli eftirfarandi spurningum:

- „Hve mikið magn af aðföngum, hráefni og/eða framleiðsluvöru þarf fyrirtækið að flytja á ári?“
- Skiptir lækkan flutningskostnaðar miklu máli fyrir fyrirtækið?“
- Ertu með lausn á því hvernig hægt er að lækka þennan kostnað?“

Svör þeirra má lesa hér á eftir, en greinilegt er að allir eru sammála um að flutningskostnaður verði að lækka.



Gunnlaugur Eiðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Kjarnafæðis

Kjarnafæði eitt og sér flytur u.þ.b. 3.100 tonn frá sér á ári. Einnig komum við að rekstri fjögurra annarra framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni og þessi tala gæti því í það heila verið þó nokkuð mikið hærri. Ég hef löngum sagt að við reukum byggðastefnu í verki en ekki eingöngu í fallegum orðum.

Það myndi breyta gríðarlega miklu, samkeppnislega séð, ef við værum nær markaðnum. Það er alltaf ákveðinn fasti flutningskostnaður sem er til staðar hvar sem við erum staðsettir á landinu, en miðað við hversu mikið við kaupum að sunnan og flytjum suður þá væri þeim fjármunum sem fara í flutning mikið betur varið í varanlegum rekstrarfjármunum svo sem húsnæði á/við höfuðborgarsvæðið eða tólum og tækjum til að auka skilvirkni framleiðslunnar. Hins vegar eru forréttindi að búa og ala upp börn á landsbyggðinni.

Það eru til margar útfærslur sem stuðla mundu að jafnari samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja á landinu. Það er þó ekki hlaupið að því að finna bestu leiðina til jafnaðar, án þess að skaða einhvern. Það þyrfti að skoða þetta með hliðsjón af því hvað er þjóðhagslega hagkvæmast, þá með tilliti til margra ráðandi þátta, því kalla ég eftir þar til gerðum sérfræðingum á sviði hagfræði/félagsfræði eða einhverja aðra sérlærða aðila til að vinna þá greiningu sem ég tel að þurfi að gera áður en tekin yrði endanleg ákvörðun. Svo gætum við leitað ráða hjá löndum sem eru áþekkt og okkar, því spyr ég hvað gera norðmenn í þessum málum?



Unnsteinn Jónsson, verksmiðjustjóri Vífilfells á Akureyri

Af innflutningsvöru reiknar Vífilfell með að flytja norður 350 gáma af umbúðum og hráefnum. Því til viðbótar er

reiknað með að flytja á milli Reykjavíkur og Akureyrar um 6.500 bretti sem jafngildir 225 ferðum. Á milli Akureyrar og Reykjavíkur reiknum við með að flytja tæp 13.700 bretti sem jafngildir 475 ferðum

Það gefur auga leið að lækkan flutningskostnaðar skiptir mjög miklu máli fyrir Vífilfell. Í dag er það þannig að fyrirtækið greiðir um 125 milljónir í flutningskostnað vegna þess að bjórverksmiðjan er staðsett á Akureyri. Vegna aukinnar framleiðslu síðustu ár og hækkunar á flutningskostnaði hefur þessi kostnaður hækkað verulega síðustu ár.

Það eru nokkrir möguleikar sem koma til greina til að lækka flutningskostnað:

- Innflutningur á höfn nær Akureyri en Reykjavík, t.d. Húsavík. Uppbygging á Húsavík gæti því hjálpað til í þessu.
- Stytting vegalengda milli staða skiptir alltaf máli varðandi flutningskostnað. Hér er hægt að nefna sem dæmi Húnavallaleið og Sundabraut.
- Strandsiglingar að því gefnu að þær verði hagkvæmari.
- Niðurgreiðsla flutningsgjalda.
- Hætta framleiðslu utan stór Reykjavíkursvæðisins.



Daði Valdimarsson, framkvæmdastjóri Promens Dalvík

Promens Dalvík flytur inn um 2.200 tonn af hráefni á ári eða sem svarar til um 90 40 feta gáma. Úr þessu hráefni búum við svo til ker, rotþrær og brunna sem flutt eru á markað hér innanlands og erlendis. Á markað erlendis fara árlega um 500x40 feta gámar og er þeim öllum keyrt til Reykjavíkur hvar þeir eru lestaðir um borð í skip. Á markað innanlands fara um 10-12.000 m³ af vöru en bróðurparturinn af þeirri sölu fer fram á suðvestur horninu. Það má því segja að við séum að senda frá okkur ígildi 2 til 3 40 feta gáma af vörum á hverjum degi.

Lækkun flutningskostnaðar skiptir verulegu máli og það eru sennilega fá fyrirtæki á landinu þar sem flutningskostnaður skiptir jafnmiklu máli og hjá okkur. Nánast öll aðföng eru flutt inn og yfir 80% af framleiðslunni er flutt á erlenda markaði þannig að flutningskostnaður vegur mjög þungt í rekstrinum.

Það er engin ein töfralausn til en það sem myndi skipta okkur mestu máli væri það að fá beinar reglulegar skipasiglingar frá Eyjafjarðarsvæðinu til Evrópu. Ég batt vonir við að með tilkomu þungaiðnaðar á Húsavík þá myndi skapast grundvöllur fyrir svona skip en því miður er búið að slá þær fyrirætlanir af í bili og það eru mikil vonbrigði. Stjórnvöld verða að fara að átta sig á því að atvinnuuppbygging á Norðausturhorninu snýst ekki bara um að skapa ný störf, hún snýst ekki síður um að skapa lífvænlegt rekstrarumhverfi til framtíðar fyrir þau fyrirtæki sem eru þegar í rekstri. Önnur leið er að koma upp kerfi til að niðurgreiða flutningskostnað fyrirtækja á landsbyggðinni en þingmenn

Það er þú að lækka!

kjördæmisins hafa talað mikið um þessa leið í aðdraganda kosninga undanfarinn áratug en ekkert hefur gerst. Í ljósi stöðu þjóðarbúsins þá hef ég engar væntingar um að eitt-hvað gerist í þessum málum á næstu árum. Þriðja leiðin til að lækka flutningskostnað er að auka magnið sem fer í gegnum verksmiðjuna hjá okkur en með því opnast möguleikar á betri samningum við flutningsaðila og einnig getum við þá leigt skip fyrir stóra farma sem sendir væru þá beint frá Dalvíkurhöfn til móttakanda. Að þessari þriðju leið vinnum við stöðugt enda erum við hætt að gera okkur væntingar um „hjálp að handan.“



Ólafur Þ. Ólafsson, **stjórnarformaður Bruggsmiðjunnar**

Við flytjum um 250 tonn af aðföngum til landsins á ári og um 600 tonn frá okkur. Flutningskostnaður er um 20 milljónir á ári. Það sem við getum sagt er, að það engin byggðastefna rekin á Íslandi, alveg sama í hvaða geira þú ert og ef að stjórnvöld ætla að reka trúverðuga byggðastefnu á Íslandi, þá yrði að koma til flutningsjöfnuðs eins og t.d. í Noregi.

Lækkun flutningskostnaðar myndi skipta okkur gríðarlega miklu máli þar sem við erum með okkar fyrirtæki úti á landi en ekki á suðurlandinu. Bara það kostar okkur í ringum 8 til 9 milljónir ári.



Rúnar Sigurpálsson, **fjármálastjóri Becromal Iceland ehf.**

Flutningur til og frá verksmiðjunni nemur um 8.000 tonn-um á ári. Það er með flutningskostnaðinn sem og annan kostnað. Það skiptir miklu máli að hafa stjórn á honum.

Svona burtséð frá því að ná hagstæðari samningum við flutningafyrirtækin, þá finnst mér spurningin vera hver sé byggðastefna stjórnvalda í raun en ekki korteri fyrir kosningar. Ef menn vilja halda landinu í dreifðri byggð þá get ég ímyndað mér að einhvers konar svæðisbundið tryggingagjaldakerfi á fyrirtæki væri lausn. Að einblína eingöngu á flutningskostnaðinn í þessu sambandi er að mínu mati ekki rétt.

NORÐLENSKA

Sigmundur Ófeigsson, **framkvæmdastjóri Norðlenska**

Heildar flutningur Norðlenska (að og frá) er a.m.k. 11.000 til 12.000 tn. Flutningskostnaður er einn af stærri kostnaðarliðunum og hefur því afgerandi áhrif á rekstur. Við þurfum að sækja alla gripi til slátrunar út í sveitir til framleiðenda. Vörur okkar fara að mestu á höfuðborgarsvæðið svo flutningskostnaður leggst þungt á allar vörur.

Vörur til útflutnings fara fyrst eftir þjóðvegakerfinu til Reyðafjarðar eða til Reykjavíkur áður en þær fara um borð í skip. Eina lausnin til að bregðast við er einhverskonar ívilnun en því miður hefur verið talað um slíkt í a.m.k. 10 ár án nokkurs árangurs.

Rétt er að benda á að mikill flutningskostnaður hefur haft þær afleiðingar að nánast öll svínarækt sem og kjúklingarækt er í mikill nálægð við höfuðborgarsvæðið. Þ.e. nálægð við uppskipunarhöfn, því fóðurkostnaður í þessum búgreinum er afgerandi kostnaðarliður. Kjúklingur þarf að borða rúm tvö kg. af fóðri (að mig minnir) fyrir hvert eitt kg. sem hann þyngist og grísinn þarf að borða tæp 5 kg. af fóðri fyrir hvert kg. sem hann þyngist svo það segir sig sjálft að á meðan ekki er ívilnun eða flutningsjöfnun þá safnast þessi framleiðsla á höfuðborgarsvæðið þ.e. við uppskipunarhöfn því fóðrið er að mestu leyti innflutt.



Sigurður Rúnar Friðjónsson, **mjólkurbússtjóri MS-Akureyri**

Flutningskostnaður er mikill hjá fyrirtækinu. Hráfnisflutningar, íblöndunarefni svo sem ávextir, umbúðir og margt fleira. Flutningur á tilbúnum framleiðsluvörum til neytenda á svæðinu og á aðalmarkaðssvæðið sem er höfuðborgarsvæðið, magnið er um 14 til 16 þúsund tonn á ári.

Flutningskostnaður er einn af stóru útgjaldaliðunum í rekstrinum og skiptir því miklu máli í hagræðingu fyrirtækisins, nauðsynlegt er að finna leiðir til lækkunar og jafna þar með aðstöðu til rekstrar almennt.

Leiðir til lækkunar:

- Lækka opinberar álögur á flutninga t.d. olíu o.fl.
- Endurbæta vegi og stytta vegalengdir.
- Taka upp flutningajöfnun, líkt og olíusjóður gerði á sínum tíma. (tekjur af almennum innflutningi).

Strandflutningar munu ekki leysa vandamálið, nútíminn krefst meiri hraða, önnur vörumeðferð en þær geta boðið uppá. Fari hluti landflutninga í strandflutninga mun nýting landflutningakerfis versna og það leiðir síðan til mikilla hækkunar á töxtum



GLÓFI

Logi Arnar Guðjónsson, **framkvæmdastjóri Glófa ehf.**

Við hjá Glófa erum að flytja um 30 tonn á ári. Lækkun flutningskostnaðar skiptir að sjálfsögðu miklu máli, þetta er einn af stóru kostnaðarpáttunum hjá okkur. Ég tel að við þurfum meiri samkeppni, lægra eldsneytisverð og flutningsjöfnuð ef við ætlum að lækka þennan kostnað.

Hreyfing – til hvers?

Margir spekingar, og enn fleiri bjánar, hafa ritað og rætt um gildi hreyfingar og líkamsþjálfunar fyrir heilsuna. Fólki getur haft misjafnar skoðanir á því hversu mikil og ákóf hreyfing á að vera en þeir sem enn halda því fram að hreyfing sé yfir höfuð óholl eru annað hvort að grínast eða ögra, nema hvort tveggja sé. Svo umfangsmiklar eru vísbendingarnar og sannanirnar um jákvæð heilsufarsleg áhrif hennar. Hreyfing er sannkallað undralyf og hefur líklega víðtækari hagstæða verkun en nokkrar töflur eða tól sem nútíma læknisfræði hefur upp á að bjóða. Fyrir utan að kosta ekki krónu, alla vega í sinni einföldustu mynd. Þrátt fyrir það eru alltof margir sem virðast ekki hafa hugmynd um þetta; og því skyldi maður vera að þæla í svona leiðindum, uppbelgur og sællegur af pizzunni, nýbúinn að hlunka sér í lazyboy, flat-skjáriinn tilbúinn; minn mundi meira að segja eftir að gleypa kólesteróltöfluna og háþrýstingslyfin; losa beltið, kaldur á kantinum, kellingin að ná í snakkið....

En hvaða áhrif eru þetta sem undirritaður ýjar að? Kannski eitthvað meira en að komast í kjólinn fyrir jólin? Til þess að sprengja hann utan af sér á gamlárskvöld? Feitur fram í nóvember, grannur fyrir jólin, feitur í janúar. Er þá ekki jafngott að vera bara feitur

allt árið? Spara sér stressið? Nei, málið er ekki svona einfalt. Þetta snýst ekki bara um holdafar. Það er satt að segja enginn kimi í okkar kroppi sem hreyfing hefur ekki góð áhrif á. Kannski botnlanginn. En hann er jú hvort eð er bara úrelt drasl. Það hefur sýnt sig að: Regluleg hreyfing lækkar blóðþrýsting hjá þeim sem greinst hafa með háþrýsting, og hjálpar til við að halda honum á réttu róli hjá þeim sem ekki hafa greinst. Hún er á við eitt blóðþrýstingslyf. Regluleg hreyfing lækkar kólesteról (kólesteról er eitt af töfraorðum nútímans; móðursýkin í kringum þessa fitu er geysileg og mörgum er mikið í mun að útrýma henni úr eigin líkama, helst með lyfjum). Þar með verndar regluleg hreyfing okkur fyrir kransæðasjúkdómum og heilablóðföllum. Regluleg hreyfing stuðlar að blóðsykurslækkun, og er fyrsta (og oft áhrifaríkasta) úrræðið þegar menn eru búnir að éta sig í sykursýki típu 2.

Regluleg hreyfing styrkir ekki bara vöðva, heldur líka bein, og ver okkur þannig gegn brotum. Regluleg hreyfing bætir meltinguna. Regluleg hreyfing lyftir geðslaginu og er mikilvægt vopn í baráttu við kvíða og þunglyndi. Og jú: Regluleg hreyfing losar okkur við aukakíló og stuðlar þar með að auknu sjálfstrausti og bættri sjálfsmynd. Hér er þó enn ýmislegt ótalið, og þar á meðal það sem er allra mikilvægast: Hreyfing og líkamsþjálfun er einfaldasta og langöflugasta forvörnin gegn fyrrgreindum kvillum, sem flestir eiga rætur sínar að rekja til samfélagsgerðar okkar og lífsmynsturs. Því fyrr sem börnum og unglíngum er innrætt að hugsa um líkama sinn og stunda íþróttir eða líkamsrækt, því meiri líkur eru á að þau haldi uppteknum hætti á fullorðinsárum og þeim mun minni líkur á öllum þeim svokölluðu lífsstíls- eða velmegunarsjúkdómum sem hrjá streitt nútímafólk og ryksuga peningahirslur velferðarráðuneytisins.

Hvernig á maður svo að bera sig að? Hvað á maður að gera og

hversu oft? Um það eru vissulega skiptar skoðanir líka, og mörg afhafnaskáld með dollaramerki í augunum tilbúin að gefa ráð, gjarnan við riflegu gjaldi. Forsendur og geta eru harla mismunandi og áriðandi að hver sníði sér stakk eftir vexti. Sérlega mikilvægt er að kyrrsetufólk sem hyggst snúa við blaðinu fari sér ekki of geyst, heldur hafi hugfast að enginn gleypir sólu. Oft er ráðlegt að leita aðstoðar fagfólks þegar hreyfing skal skipulögð, og er þá nærtækt að leita til heimilislæknis og sjúkrapjálfa. Einnig er nú að vaxa úr grasi ágætlega menntuð stétt einkapjálfa, sem víða starfar á líkamsræktarstöðvum. Sjálfsgat er að leita liðsinnis þessara aðila, en jafn sjálfsgat að kanna bakgrunn þeirra og láta ekki fúskara af helgarnámskeiði hlutast til um heilsu sína. Nú er verið að setja af stað verkefni á höfuðborgarsvæðinu sem felst í því að heimilislæknar skrifi upp á hreyfingu fyrir sína skjólstæðinga, s.k. hreyfiseðla. Slíkt hefur gefið góða raun í Svíþjóð t.a.m. og full ástæða til að ætla að það reynist vel hér. Höfum ætíð hugfast að regluleg hreyfing er ekki skorpuvinna heldur eitthvað sem iðkað er að jafnaði, árið um kring, og ætti að vera sjálfsgæðari hlutur en laugardagsnammið. Notum hugmyndaflugði: Skontrum léttfætt upp og niður stiga í stað þess að stara tómunum augum á sjálf okkur í útbiðum lyftuspeglinum; pumpum í dekkinn á reiðhjólínu, eða látum Viddu gera það, og hjólum í vinnuna. Líka í rigningu, þetta er

spurning um hugarfar og hlífðarfót frekar en veurlag. Förum í göngutúr eða sund með fjölskyldunni og prófum að synda nokkrar ferðir í sundlauginni. Potturinn er miklu notalegrí eftir sundsprett. Hættum að skutla krökkunum í skólann; því fyrr sem þau læra að nota lappinnar því betra. Sameinum fjölskyldu og vini í áhugamálum sem tengjast hreyfingu s.s. skiðaferðum, skautahlaupi (eða skautadansi fyrir okkur sem listfengari erum), jafnvel skotveiði.

Lýðheilsustöð hefur gefið út leiðbeiningar um hreyfingu. Auðvitað er furðulegt að þörf sé á opinberum leiðbeiningum um svo sjálfsagðan hlut, en svona er það nú bara. Við höfum ekki staðið okkur betur. Þar er lagt til að fullorðnir hreyfi sig a.m.k. 30 mínútur á dag og börn að lágmarki 60 mín. á dag. Þessum tíma má svo skipta upp í minni einingar, t.d. 10-15 mínútna lotur. Hreyfingin á að vera miðlungserfið til erfið, þar sem miðlungserfið hreyfing er skilgreind

sem hreyfing sem krefst 3-6 sinnum meiri orku en hvíld (rösk ganga, físlétt skokk, heimilisþríf) og erfið hreyfing er hreyfing sem krefst meira en 6 sinnum meiri orku en hvíld (hlaup, fjallgang). Lögð er áhersla á að öll hreyfing sé betri en engin hreyfing. Þetta má skoða á vef Lýðheilsustöðvar: www.lydheilsustod.is. Þar er einnig að finna margs konar fróðleik og ábendingar aðrar.

Það er sumsé mest um vert að hver finni sér hreyfingu sem vekur áhuga og kapp og hentar jafnframt upplagi og getu. Að svo mæltu óska ég lesendum ánægjuríkra jóla, og gleði og heilbrigði á nýju ári.

Pálmi Óskarsson,
heimilislæknir á Akureyri



Pálmi Óskarsson.

Vetrarleiga orlofshúsa

Vert er að benda félagsmönnum Einingar-löju á að þeim standa til boða fjórir kostir í vetrarleigu orlofshúsa, á Illugastöðum í Fnjóskadal og Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit og orlofsíbúðum á vegum félagsins í Reykjavík og á Egilsstöðum. Vetrarleigan hefst 15. september og stendur til 1. júní ár hvert.

Hafið eftirfarandi í huga:

1. ágúst opnast fyrir tímabilið september til jóla
1. desember opnast fyrir tímabilið janúar - mars
1. janúar opnast fyrir apríl
1. febrúar opnast fyrir maí



Minum á félagavefnum

Í fyrra tók Eining-löju í notkun félagavef sem veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu. Félagsmenn skrá sig inn með því að yta á hnappinn Félagavefur sem finna má fyrir ofan efstu frétt á forsiðu heimasíðunnar www.ein.is. Þegar komið er inn á félagvefnum í fyrsta sinn þarf að sækja um aðgang, það er gert undir liðnum innskráning. Þar þarf að yta á hnappinn **Sækja um aðgang að vef**, slá inn kennitöluna og veflykill verður sendur á lögheimili viðkomandi.

Á vefnum er t.d. hægt að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktastögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutningsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa og jafnframt sótt um, bókað og greitt fyrir orlofshús með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 460 3600 og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.

Það eru ekki dregnir af punktar í vetrarleigu, nema þegar um er að ræða tímabilin jól og áramót og svo um páska. Það þarf að sækja um þau tímabil og er þeim úthlutað eftir punktaineign viðkomandi.

Auðveldast er að panta á Félagavefnum, en auðvitað er hægt að hringja í skrifstofu félagsins og panta hús eða bústað.

Verðskrá



Illugastaðir

Vikuleiga er kr. 19.000 og helgarleiga kr. 12.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur. Heitur pottur er við húsin.

Lífeyrisþegar greiða kr. 7.500 fyrir þrjár nætur í miðri viku á Illugastöðum. Hægt er að kaupa eina aukánótt á kr. 2.000.

Lyklar að húsum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Vert er að benda á að á Illugastöðum á Eining-löju eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.



Tjarnargerði

Vikuleiga er kr. 23.000 og helgarleiga kr. 14.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur. Heitur pottur er við húsið.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Reykjavík

Eining-löju hefur til umráða sjö íbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins hefur tvær af þeim til ráðstöfunar. Íbúðirnar leigjast í viku í senn, fyrir utan sjúkraíbúðir sem leigjast eftir þörfum. Vikuleiga er kr. 20.000, en sólarhringsleiga sjúkraíbúða er kr. 4.000. Lágmarksgjald er þó kr. 5.000.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.



Egilsstaðir

Vikuleiga er kr. 20.000 og helgarleiga kr. 13.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur. Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri. Íbúðin á Egilsstöðum er í fastri leigu fram að áramótum en hægt verður að leigja hana að þeim tíma liðnum.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri. Síminn er 460 3600 og netfangið ein@ein.is

Ilmurinn úr eldhúsinu ...

Að þessu sinni koma jólauppskriftir frá Heim Magna Hannessyni, yfirkokki á Hannes Boy. Hann flytur með sér ferskan blæ frá Suður Ameríku og blandar matarmenningu þaðan skammtilega við ramm-íslenska matargerð. Hannes Boy hefur nú unnið sér sess sem sérstæður og glæsilegur veitingastaður á mörkum hins óbyggilega en Heimir segir að ljúffeng matargerð í bland við skammtilega viðburði á Rauðku sé góð uppskrift að nýjum tímum og að nóg verði um að vera á komandi ári.

Forréttur

Sítrus marineraðir sjávarréttir. (Ceviche)

Fyrir 4-5

500 g ferskur fiskur beinlaus og roðrifinn, t.d.

lúða eða þorskur, skorinn í litla teninga

100 g rækjur

100 g hörpudiskur

100 g humar, skelflettur og skorinn í litla munnbita

(hægt er að nota nánast hvaða fisk sem er í þessa uppskrift einnig má breyta sjávarfanginu eftir smekk)

½ bolli limesafi (nýkreistur)

½ bolli sítrónusafi (nýkreistur)

½ bolli fint saxaður rauðlaukur

1 bolli saxaðir fræhreinsaðir tómatar

1 rautt chilli, steinhreinsað og saxað smátt

2 tsk salt

1/3 bolli saxaður kóríander (ferskur)

Öllu er blandað saman í glerskál og plast sett yfir, geymt í kæli í 1 klst. og þá er hrært í.

Passa verður að sítrónu/limesafinn fljóti alveg yfir fiskinn.

Látið standa í kæli í a.m.k. 4 klst. en best er að láta þetta standa í safanum yfir nótt.

Safinn er sigtaður frá og rétturinn borinn fram með lárperusneiðum.



Aðalréttur

Ófnbakaður jólagrís að hætti suður Ameríkubúa

Fyrir 4-5

1 grísabógur, hringskorinn eða 1,5 kg grísalæri með puru

1 sítróna

½ bolli chillifögur, þurrkaðar

¼ bolli fint söxuð steinselja

1 msk blóðberg

1 msk fint saxaður hvítlaukur

1 ½ msk salt

1 ½ msk mulið cumen (ekki Kúmen)

1 ½ matskeið oregano

1 tsk svartur pipar

¾ bolli edik

¼ bolli olía

2 stórar dósir bjór eða pilsner

Kreistið sítrónuna yfir kjötið og nuddið safanum vel í.

Öllu hinu blandað saman nema helmingnum af bjórnum.



Kjötið sett í djúpt fat og marinerungunni hellt yfir.

Geymið í kæli í 12-24 klst.

Þá er kjötið sett í djúpa ofnskúffu og marinerungunni hellt yfir, best er að láta puruna snúa niður til að byrja með.

Sett í 175°C heitan ofn og eftir u.þ.b. klst. er kjötinu snúið við og seinni dósinni af bjórnum hellt yfir. Steikið í 1 - 1½ klst. í viðbót (fer eftir stærð).

Sigtið soðið sem verður eftir í ofnskúffunni í pott, smakkið til með smá kjúklingakrafti, salti og pipar og þykkið með smjörbollu eða sósujafnara.

Borið fram með bakaðri kartöflu og fersku salati.

Eftirréttur

Kanil ís

Fyrir 4-5

5 bollar vatn

1 ¼ bolli sykri

1 kanilstöng

2 msk kalt vatn

1 msk maizena mjöl

1 msk sítrónusafi

Sjóðið vatnið ásamt kanilstönginni þar til vatnið er komið með lit og bragð og er soðið niður í 4 bolla, bætið við sykri og sjóðið í 5 mín.

Blandið 2 msk af vatni saman við maizena-mjöl og bætið úti blönduna, sjóðið í 5 mín.

Takið af hitanum og kælið aðeins, bætið sítrónusafanum við og sigtið.

Þegar að blandan er orðin köld er hún sett í frysti. Þegar ísinn er orðinn hálf frosinn þarf að hræra vel í honum svo að hann verði ekki of harður þetta þarf að gera 2-3 sinnum þar til hann er tilbúinn.

Sett í há glös og skreytt með t.d. myntu.

– Verði ykkur að góðu!



SPARISJÓÐURINN
Siglufirði

Óskum viðskiptavinum nær og fjær gleðilegra jóla og farsæls nýs árs



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár

[RUB23]
RESTAURANT
FISH - MEAT - SUSHI

nettó

Ríkismennt
www.rikismennt.is

Landsmennt
www.landsmennt.is

Deloitte
www.deloitte.is

PROMENS

Þrif og
ræstivörur

Krua Siam
TÁLENSKUR VEITINGASTAÐUR
Sími 466 3800

BAKARIÐ VIÐ BRÚNA

KORNAX

FISKMIÐLUN
SALKA

BRYGGJAN
ELDBAKAÐAR PIZZUR
STRIKIÐ
RESTAURANT - B&B

LEX LÖGMANNSSTOFA

SBA-NORÐURLEIÐ

ÍSLENSK VERÐBRÉF
þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

ÓHK Trésmíði ehf.
Sími: 4671833 / 8948933

NORÐLENSKA
MATBORÐIÐ

Tanni Travel
www.tannitravel.is

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

VIS

Útrás
Smíðja
Sími 461 2911 / 896 3280
Frostagata 3 b, 603 Akureyri

Landsvirkjun

AÐALBAKARINN ehf.
Aðalgötu 28 · 580 Fjallabyggð
Sími: 467 1720
elin.b@simnet.is

GÚMMÍVINNSLAN

Launagreiðendavefur Einingar-Iðju

Félagið tók í gagnið launagreiðendavef fyrir á árinu sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur. Launagreiðendur komast inn á vefinn með því að ýta á hnappinn **Launagreiðendavefur** sem finna má fyrir ofan efstu frétt á forsíðu heimasíðunnar www.ein.is. Allir launagreiðendur sem greiddu til félagsins sex mánuði áður en vefurinn var tekinn í notkun fengu sent lykilorð til að komast inn á vefinn. Nýir launagreiðendur geta fengið lykilorð með því að óska sjálfir eftir því á vefnum.

Í skilgreinakerfinu eru t.d. auknar villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja

enn öruggari skil en áður. Þá fylgir einnig sú nýjung að hægt er að mynda kröfu í banka um leið og skilgreinin er send til félagsins. Í yfirliti fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilgreinar og greiðslustöðu.

Tvær leiðir

Hægt er að velja um tvær leiðir þegar senda á inn skilgreinar.

- Launagreiðendur geta skráð skilgrein á síðunni sjálfri og sent inn. Eftir að kennitala starfsmanns og upplýsingar um sjóði hefur einu sinni verið send á skilgrein þarf ekki að endurtaka innslátt meðan engar breytingar

verða. Einungis er þá slegin inn ný launatala.

- Einnig er hægt að senda þær úr launakerfi fyrirtækisins, annars vegar beint úr launakerfinu þar sem það á við og hins vegar með textaskrá. Þessi leið hentar vel atvinnurekendum sem hafa launakerfi sem geta sent skilgreinar beint eða búið til textaskrár sem innhalda skilgreinar á rafrænu formi.

Vefnum er ætlað að þjóna atvinnurekendum sem best við iðgjaldaskil og upplýsingagjöf og er því eðlilega í stöðugri þróun. Ábendingar um það sem betur mætti fara eru því alltaf vel þegnar en þær má senda á ein@ein.is

Þróunarverkefnið „Virkur vinnustaður“

Virkur vinnustaður er þróunarverkefni sem Norðlenska, öldrunarheimilin, lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri og leikskólinn Pálmholt taka þátt í á Akureyri. Verkefnið, sem er á landsvísu, hófst formlega 28. október sl. og er til þriggja ára. Virk Starfsendurhæfingarsjóður ákvað að setja þróunarverkefnið á laggirnar í kjölfar vinnustofu í ársbyrjun 2011 þar sem samankomnir voru fulltrúar atvinnurekenda, stéttarfélaganna og starfsmanna VIRK. Tilgangur verkefnisins er að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og ráðgjöf við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Áhersla er lögð á jákvæða og heilsusamlega nálgun.

Nýstofnað fyrirtækjasvið VIRK sér um verkefnið og eru starfsmenn þess Svava Jónsdóttir verkefnastjóri og Hildur Friðriksdóttir sérfræðingur. Í verkefninu verður lögð áhersla á að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og ráðgjöf við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Einnig að aðilar atvinnu-lífsins og stjórnvöld geti nýtt niðurstöður verkefnisins sem leiðandi aðferð við að skipuleggja og byggja upp



árangursríkar leiðir á þessu sviði. Sömuleiðis er markmiðið að ná fram viðhorfsbreytingu þannig að gert sé ráð fyrir að allir hafi hlutverk í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsgetu af ólíkum ástæðum.

Stuðlað að forvörnum

Svava Jónsdóttir, verkefnastjóri þróunarverkefnisins, segir að ein besta forvörnin gegn því að missa fólk út af vinnumarkaði sé í fyrirtækjunum sjálfum. Rannsóknir og reynsla sýni að mjög oft sé hægt að koma í veg fyrir að heilsuþrestur valdi skertri starfsgetu með því að grípa inn í veikindaferli með ýmsum viðbrögðum og stuðningi á vinnustað. Hún nefnir einnig að markmiðið sé að á vinnustöðunum verði til yfirlýst stefna og markvissar leiðir sem stuðli að forvörnum og skapi aðstæður til árangursríkrar endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys. Sé slík stefna til staðar aukist möguleikar einstaklinganna á að koma aftur til vinnu í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma.

Þarf aukin tækifæri

Anna Guðný Guðmundsdóttir, verkefnastjóri ráðgjafar Virk á norðurlandi eystra, segir að margir einstaklingar séu í starfsendurhæfingu og sumir þeirra hafi ekki fulla vinnugetu í dag, en gætu unnið að hluta. Því er mikilvægt að auka möguleika þeirra á vinnumarkaði með stuðningi og vissum sveigjanleika til endurkomu á vinnumarkað þrátt fyrir skerta vinnugetu. „Þátttaka fyrirtækja hér á svæðinu í verkefni eins og Virkur vinnustaður er gríðarlega mikilvægur fyrir okkur og við hlökkum til að auka samstarfið og vinna að því að fjölga tækifærum fyrir okkar fólk.“

Anna Guðný leggur á það ríka áherslu að vinnugeta einstaklinga ráðist ekki eingöngu af líkamlegri eða andlegri færni, heldur einnig af þeim kröfum sem mismunandi störf og verkefni gera. Það sé því ljóst að einstaklingur með skerta færni, líkamlega eða andlega fötlun, getur búið yfir fullri vinnugetu ef verkefni við hæfi bjóðast. „Vinnumarkaðurinn þarf að taka við sér og bjóða uppá aukin tækifæri fyrir einstaklinga sem búa yfir færni og hæfni á ólíkum sviðum svo rými sé fyrir okkur öll, alveg eins og við erum,“ segir Anna Guðný að lokum.

VIRK

starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á þjónustu eru allir þeir sem sækja um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóði og einnig þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki sinnt störfum sínum vegna heilsuþrests. Þjónustan er notendum að kostnaðarlausu og fyllsta trúnaðar er gætt í hvívetna.

Þrjú ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði, bæði almenn og ríkis- og sveitarfélaganna. Anna Guðný Guðmundsdóttir, anna@ein.is, Elsa Sigmundsdóttir, elsa@ein.is og Nicole Kristjánsson, nicki@ein.is. Þær eru starfsmenn Einingar-löju og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri.

Hægt er að ná í ráðgjafana á Akureyri í síma 460 3600, einnig er hægt að fá meiri upplýsingar á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs, www.virk.is.



Lögfesting á greiðsluskyldu

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum (breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða) þá ber öllum launagreiðendum að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá 1. september sl. Fram að þessum var einungis verið kveðið á um greiðsluskyldu í kjarasamningum en nú nær hún til allra launamanna samkvæmt lögum, þar með talið til sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra sem ekki eru félagsmenn stéttarféлага.

Launagreiðendum ber að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald og munu lífeyrissjóðir síðan ráðstafa gjaldinu til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs.

Iðgjaldið veitir launamönnum réttindi til þjónustu hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði ef heilsuþrestur veldur skertri starfsgetu. Markmiðið er að auka getu til virkrar þátttöku á vinnumarkaði og draga þannig markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, starfsendurhæfingu og öðrum úrræðum.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Minnt er á að hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum Einingar-löju á Akureyri, Siglufirði og á Dalvík. Hver miði kostar aðeins kr. 635. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey og á Grenivík.

Vinnustaðaskírteini?

Samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum byggir á lögum frá árinu 2010 um sama efni sem veita heildarsamtökum vinnumarkaðarins heimild til að semja um hvaða starfsgreinar falli undir gildissvið laganna hverju sinni. Öllum atvinnurekendum í hlutaðeigandi greinum ber að sjá til þess að starfsmenn fái vinnustaðaskírteini þegar þeir hefja störf.

Samkomulagið nær nú til atvinnurekenda og starfsmanna þeirra sem vinna við byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, rekstur gististaða, sölu-turna eða veitingarekstur, húsgagna- og innréttingaiðnað, gleriðnað og skylda starfsemi, kjötiðnað, bakstur, bílgreinar, rafíðnað og mál- og véltæknigreinar eins og nánar er kveðið á í fylgiskjölum með samkomulaginu.

Hvað er vinnustaðaskírteini?

Vinnustaðaskírteini er skírteini, svipað á stærð og greiðslukort, með upplýsingum um starfsmanninn og fyrirtækið sem hann vinnur hjá. Á skírteininu á að koma fram nafn og kennitala starfsmanns ásamt mynd, gott er að hafa starfsheiti starfsmannsins. Nafn/heiti atvinnurekanda eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá eða heiti starfsmannaleigu eins og það er skráð hjá Vinnumálastofnun.

Af hverju?

Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnustöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. áðurnefndum lögum að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekanda til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi reglur. Skal eftirlitsfulltrúunum veittur aðgangur að vinnustöðum í þeim tilgangi. Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu bera skírteini á sér og vera reiðubúnir að framvísa því, sé þess óskað af eftirlitsfulltrúa. Með atvinnurekanda er einnig átt við sjálfstætt starfandi einstaklinga. Eftirlitsfulltrúarnir geta kallað eftir aðstoð trúnaðarmann á vinnustað og er heimilt að afhenda starfsmönnum upplýsingar um kaup og önnur starfskjör.

Í lögunum er kveðið á um að eftirlitsfulltrúarnir skuli senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til skattfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglustjóra og þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á.

Fjórir eftirlitsfulltrúar eru á Eyjafjarðasvæðinu, Ásgrímur Örn Hallgrímsson og Þorsteinn E. Arnórsson frá Einingu-löju, Heimir Kristinsson frá Fagfélaginu og Eiður Stefánsson frá Félagi verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.

Allar nánari upplýsingar um vinnustaðaskírteinin má finna á www.skirteini.is.

PACTA lögmenn

- félagsmenn fá 15% afslátt

Rétt er að minna á samning sem Eining-löju er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðipjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er samkvæmt samningnum heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-löju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni.



Skrifstofa PACTA er á 2. hæð í Hafnarstræti 91-95.

Eining-löju ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum.

Í samningnum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu löju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milli-göngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Hafið í huga

Aldrei er of varlega farið, ekki síst í kringum jólahátíðina. Á vef Mannvirkjastofnunar má finna eftirfarandi um slökkvitæki og eldvarnateppi.

Á hverju heimili skal vera handslökkvitæki, eldvarnateppi og reyk-skyrnari. Í fjölbýlishúsum má handslökkvitækið vera á hverjum stigapalli.

Til eru margar gerðir slökkvitækja sem hafa má á heimilum. Slökkvitæki á að vera við útgönguleið og vel sýnilegt. Mikilvægt er að allir á heimilinu viti hvar slökkvitæki eru geymd og hvernig á að beita þeim. Slökkvitæki þarf að yfirfara reglulega af viðurkenndum þjónustuaðilum. Algengustu tækin eru 6 kg dufttæki og 9 l léttvatnstæki. Kallið alltaf til slökkvilið ef kviknað hefur í til þess að tryggja að örugglega hafi tekist að slökkva eldinn.

Duftslökkvitæki eru ætluð á alla elda. Oft getur þó þurft að nota vatn á eftir til að tryggja að búið sé að slökkva alla glóð.

Léttvatnstæki eru með froðublöndu. Þau er hægt að nota á eld í föstum efnum og auk þess á eld í olíu og feiti. Varast skal að nota léttvatnstæki á rafmagnstæki sem eru í sambandi.

Sjónvarpsslökkvitæki er mjög góður öryggisbúnaður sem hægt er að koma fyrir í raftækjum eins og sjónvörpum, þvottavélum og þurrkurum. Prófanir hafa sýnt að tækin slökkva eldinn á mjög skömmum tíma og veita mikið öryggi.

Eldvarnateppi

Eldvarnateppi eru til í mörgum stærðum. Þau má þvo og því er hægt að og nota þau aftur og aftur. Teppið er lagt yfir það sem brennur, t.d. pönnu eða pott með olíu eða feiti. Ef teppið fer ofan í feiti í potti getur logað í gegnum það. Þá þarf að taka teppið af og slökkva í því t.d. með því að trampa á því og byrjað upp á nýtt.

Jóla­krossgá­tan

Skrifið lausnina á blað (reitir 1 til 19, jólasálmur) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 9. janúar 2012. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja

- verðlaunakrossgáta

Skipagötu 14

600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

1. verðlaun:

Vikudvöl í orlofshúsi í eigu Einingar-löju að eigin vali sumarið 2012.

2. verðlaun:

Gjafabréf frá Strikinu að verðmæti kr. 10.000,-

3. verðlaun:

Vöruúttekt í Nettó að verðmæti kr. 10.000,-

4. verðlaun:

Helgardvöl á Illugastöðum að vetri til, í orlofshúsi í eigu félagsins.



*Þar sem
jólin byrja!*

nettó

Verðlaunagættan

**Við hvaða götur standa íbúðir félagsins í Reykjavík?
(Svarið má finna á www.ein.is)**

1. Sóltún, Ljósheima og Ásholt
2. Ljósheima, Sóltún og Ásatún
3. Sólheima, Ásholt og Ljósheima

Skrifið lausnina á blað og merkið það með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja. **Skilafrestur er til kl. 16, mánudaginn 9. janúar 2012.** Dregið

verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja

- verðlaunagættan -

Skipagötu 14

600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

1. verðlaun:

Vöruúttekt að verðmæti kr. 15.000 í Nettó.

2. verðlaun:

Gjafabréf frá Strikinu að verðmæti kr. 10.000,-

3. verðlaun:

Helgardvöl á Illugastöðum að vetri til, í orlofshúsi í eigu félagsins.

STRIKIÐ
RESTAURANT • BAR

Ertu á leið í nám?

Eining-lðja hvetur félagsmenn sína, sem hyggjast sækja námskeið í vetur, til að kanna rétt sinn á einstaklingsstyrkjum í gegnum fræðslusjóðina sem félagið er aðili að, Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt. Félagsmenn þurfa að hafa greitt félagsgjöld til félagsins í sex mánuði af síðustu 12 til að eiga rétt á styrk. Einnig þarf að greiða til félagsins meðan á námi stendur.

Hægt er að sækja um styrk um leið og skóla- og námskeiðsgjöld hafa verið greidd, þ.e. félagsmenn aðildarfélaga sjóðsins geta lagt fram umsókn ásamt reikningi/kvittun fyrir greiðslu skóla- og námskeiðsgjalda um leið og slík greiðsla hefur farið fram. Ekki þarf að bíða þar til námi/námskeiði er lokið.

Hjá Landsmennt og Sveitamennt eiga félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár rétt á styrk allt að kr. 132.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

Það munar um minna

Félagsmaður í fullu starfi á kost á allt að 60.000 kr. einstaklingsstyrk hjá Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hjá Landsmennt er aldrei greitt meira en sem nemur 75% af heildarkostnaði við hvert námskeið, en þeir sem tilheyra Ríkismennt og Sveitamennt eiga rétt á 90% endurgreiðslu af heildarkostnaði þegar um er að ræða nám sem er í beinu samhengi við starf viðkomandi.

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna meiraprófs að upphæð kr. 100.000, hver einstaklingur getur einungis fengið slíkan styrk einu sinni. Ekki skiptir máli hvort allir fjórir þættir aukinna ökuréttinda séu teknir.

Félagsmenn geta einnig fengið styrk vegna frístunda- eða tómsundanámskeiða, en slík námskeið eru styrkt um 50% af heildarkostnaði, þó að hámarki um kr. 18.000.

Athugið! Tómsundastyrkir dragast af heildarupphæð einstaklingsstyrksins.

Lestrar-og ritstuðningur

Félagsmenn sem eru í Landsmennt og eru lesblindir eða eiga við lestrar-og ritörðugleika að stríða geta sótt um allt að 75% styrk vegna kaupa á hjálpartækjum ætluðum til stuðnings við lestur og skrift. Þeir sem eru í Ríkismennt og



Sveitamennt eiga rétt á 90% styrk. Heildarstyrkur miðast við hámarksupphæð skv. almennum reglum sjóðanna eða kr. 60.000.

Íslenskunám

Félagsmenn sem hafa annað móðurmál en íslensku geta sótt um allt að 75% styrk vegna íslenskunáms eftir mánaðar félagsaðild í aðildarfélagi Landsmenntar. Þeir sem tilheyra Ríkismennt og Sveitamennt geta sótt um 90% endurgreiðslu vegna 150 stunda íslenskunáms eftir þriggja mánaða félagsaðild.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Aðildarfélögin eru 21 og er þar um að ræða stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Ríkismennt SGS er þróunar-og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS. Sveitamennt SGS og LN er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

Brynja Skarphéðinsdóttir, starfsmaður félagsins, brynja@ein.is, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðum þeirra. www.landsmennt.is, www.rikismennt.is og www.sveitamennt.is.



Jóla-krossgátan



Gerður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

			●	Andúð	Farski Afötur!	Mikla Kná	2 eins Fuglinum	Tala	Eyja Harm-Leikur	Kannski Tákni	2	Þokki	1
				Rask Keltar	8				>				2
			→				19	→			↘		3
				Stök Skini		>	>	Göfa			1		4
				Hér Að auki	>	>				'Attir Kl. 06			5
2011	Fast við Lof í Glasiba	↓		Ganga hratt	Hreinu Ferjumann Töpar			>				12	6
Tunnan					Dýföi Drasl Öbrækt	9			>		↓	Tala Glögga	7
Flinka Samhlj.				>	Snöggur síðan Ökyrró					>		10	8
Nói Kayróu				>				Lokaorð Erill					9
Tafsar Veisla						Slög 1.550					3		10
		↓		Öreind Förföður Imyndun		6	Sjávardyr Þjölín					↓	11
Stórar Borg Tímabil	4 16			>				5		Kayr Kallad			12
		↓		upphr. Slór Slæ	Tönn Knýttu			Forseln. Gana Ílát	>				13
Þurftalíngar				13		Lund Band					↓	Hefur betur	14
Etja		7	>		Égna 'Att		11		Drykkjar Króin			14	15
Hinu köfnunarsfnis	>				>	18				2 eins Hvetja			16
Tala Glufa Meisli		>		>				Kraft Samhlj.	15				17
Langar Drykk				>	Væta Skipting! Þöfi			>					18
		↙	17			● ?					↘		19
Safum Umbun		upphr.			>			Gabb					

Lausn:

ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ

เงินโบนัสเดือนธันวาคม 2011(Desemberuppbót 2011)

ทางสหภาพแรงงาน (Eining-löja) ขอย้ำเตือนให้สมาชิกทุกท่านว่าท่านมีสิทธิที่จะได้รับเงินโบนัสเดือนธันวาคม ตามสัญญาการว่าจ้างแรงงาน. จำนวนเงินที่จะได้รับนั้นจะไม่เท่ากัน ขึ้นอยู่กับสัญญาการว่าจ้าง และระยะเวลาการทำงานของแต่ละคน. เงินโบนัสนี้ จะจ่ายให้หมดในครั้งเดียวและจะไม่คิดรวมกับเงินสะสมสำหรับพักร้อน. ตามสัญญาว่าจ้างที่ทางสหภาพฯได้ทำไว้กับทางคณะกรรมการฝ่ายปรับปรุ่งเงินเดือนของหน่วยเทศบาลนั้น. ข้าราชการ จะ ได้รับเงินโบนัสเดือน ธ.ค. เป็น จำนวนเงิน 75.500.- โครนุร์. แต่สัญญาว่าจ้างที่ทาง สหภาพฯ ได้ทำไว้กับทางรัฐบาลนั้น สัญญาว่าจ้างของตลาดแรงงานทั่วไป สมาชิกจะได้รับเงินโบนัสเดือน ธ.ค. เป็นจำนวนเงิน 63.800.- (48.800 + 15.000) โครนุร์. บุคคลที่รับราชการ จะต้องได้รับเงินโบนัสเดือน ธ.ค. ภายในวันที่ 1 ธันวาคม. ส่วนลูกจ้างในตลาดแรงงานอื่นๆทั่วไป จะได้รับก่อนวันที่ 15 ของเดือน ธันวาคม และ ลูกจ้างของหน่วยเทศบาล จะได้รับเงินโบนัสดังกล่าวในเดือน ธันวาคมเช่นกัน ตามความคล่องตัวของสัญญาว่าจ้างแรงงานของแต่ละหน่วยงานนั้นๆ.

บัตรลดคูปอง (Miðar í Hvalfjarðargöngin)

สามารถหาซื้อบัตรลดคูปอง Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-löja เมืองอคูเรย์รี และเมือง ดาลวิค (Akureyri, Siglufjörður og Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 635 โครนุร์ นอกจากนี้ยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพฯที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

เงินกองทุนยามเจ็บป่วย (Sjúkrasjóður)

สิทธิในการรับเงินช่วยเหลือจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วย ซึ่งมีดังต่อไปนี้, จะได้รับเงินสนับสนุนจากกองทุนเมื่อต้องหยุดงานเพื่อดูแลลูกที่มีอาการปวยระยะยาวหรือพิการ, ภรรยาหรือสามีที่มีอาการป่วยร้ายแรง, ต้องนอนดื่งกายเนื่องจากความเจ็บป่วย, ทำกายภาพบำบัด การรับการตรวจเช็คมะเร็งปากมดลูก, การบริหารร่างกาย, ซื้อเครื่องช่วยฟัง หรือ เลนส์แว่นตา และ อื่นๆ เป็นต้น. จะได้รับเงินช่วยเหลือในการมาปกิจ เป็นจำนวนเงิน 300.000.-โครนุร์ เงินสนับสนุนเพื่อการบริหารร่างกายจะจ่ายให้ 35% จากใบเสร็จรับเงิน แต่ไม่เกิน 10.000. โครนุร์ในแต่ละปี.เงินช่วยเหลือเพื่อซื้อเลนส์แว่นตา และ เครื่องช่วยฟัง จะ จ่ายให้ 35% จากใบเสร็จ แต่ไม่เกิน 15.000.โครนุร์ของทุก 3 ปี.

สมาชิกทุกท่าน โปรดทราบ!

ทางสหภาพฯ จะ มีการประชุมเกี่ยวกับเงินกองทุนยามเจ็บป่วยเดือนละครั้ง เอกสารที่ต้องการยื่นเข้าที่ประชุม สามารถยื่นได้ที่ สำนักงาน Eining-löja ภายในวันที่ 27 ของเดือน. แบบฟอร์มเกี่ยวกับรายจ่ายที่ขอจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วยทั้งหมด จะถูกนำเข้าไปประชุม อาทิ, เงินค่าเจ็บป่วยรายวัน, ค่ากายภาพบำบัด, ค่าตรวจหามะเร็งปากมดลูก และ อื่นๆ. ซึ่งเป็นไปตามกฎของกองทุนที่จะต้องจ่าย.

เงินกองทุนเพื่อการศึกษาที่ควรทราบ (Kynntu þér námsstyrkina!)

ในฤดูหนาว โรงเรียนต่างๆหลายแห่ง ได้จัดให้มีการอบรมต่างๆทั้งระยะสั้นและระยะยาว สำหรับสมาชิกของสหภาพฯ จึงเป็นโอกาสดีของสมาชิกที่ต้องการเข้ารับการอบรม ทางสหภาพฯจึงต้องการเสนอให้ทุกท่านได้รับทราบถึงสิทธิที่พึงได้รับจากเงินกองทุนเพื่อการศึกษาจาก ลานส์แมนน์ (landsmennt.is) จากทางหน่วยเทศบาล (sveitamennt.is) และจาก ภาครัฐ (ríkismennt.is). แต่จะได้รับเพียงครั้งเดียวเท่านั้นไม่ว่าการอบรมนั้นจะมีกี่เทอมก็ตาม. ในเว็บไซต์ของสหภาพฯ www.ein.is ท่านสามารถเข้าหาข้อมูลจาก Landsmennt ซึ่งได้แปลไว้หลายภาษา เช่น ภาษาอังกฤษ, สเปนญ, ไทย และ โปแลนด์ เป็นต้น. อนึ่ง สามารถ หาข้อมูลที่เป็นภาษาอังกฤษได้จาก Ríkismennt.

บ้านพักร้อนให้เช่าในช่วงฤดูหนาว(Vetrarleiga orlofshúsanna)

ทางสหภาพฯ ยังคงมีบ้านพักร้อนไว้ให้สมาชิกได้เลือกเช่าในช่วงฤดูหนาว นอกเหนือจากการพักร้อนตามปกติในฤดูร้อน. บ้านพักดังกล่าวมี 4 แห่งด้วยกัน คือ บ้านพักที่ Illugastöðum อยู่ที่ Fnjóskadal. ที่ Tjarnargerði อยู่เขต Eyjafjarðarsveit, และยังมี อพาทเมนท์ที่ Reykjavík, Egilsstaðir ไว้บริการอีกด้วย. การเช่าบ้านพักร้อนในช่วงฤดูใบไม้ร่วง และ ฤดูหนาวนั้น เริ่มต้น ตั้งแต่ วันที่ 15 กันยายน จนถึงวันที่ 1 มิถุนายน.

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ตามข้อตกลงในการทำสัญญาว่าจ้างทำงานนั้น ลูกจ้างทุกคนจะต้องได้รับการทำสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาในการว่าจ้างทำงาน, และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างงานประเภทนั้นๆ. ซึ่งสัญญาว่าจ้างจะต้องทำภายหลังจากที่ลูกจ้างได้ปฏิบัติหน้าที่ได้หนึ่งเดือน. การทำสัญญาให้เป็นลายลักษณ์อักษรนั้นสำคัญมากสำหรับลูกจ้าง เพราะหากมีปัญหากเกิดขึ้นก็สามารถใช้สัญญาเป็นหลักฐานได้. ที่สำนักงาน Eining-löja ท่านสามารถติดต่อสอบถามข้อมูลเกี่ยวกับการทำสัญญาว่าจ้างทำงานพร้อมทั้งมีแบบฟอร์มไว้บริการด้วย.

ระยะเวลาการออก และ ให้ออกจากงาน (Uppsagnarfrestur)

- ต้องเป็นไปตามความถูกต้องของทั้งสองฝ่าย
- ต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

ในสองสัปดาห์แรกของการทำงาน ถ้าต้องการลาออกก็สามารถทำได้ทันทีไม่มีเงื่อนไขใดๆ. หลังจากการทำงานเกินกว่าสองสัปดาห์กับนายจ้างเต็ม จะลาออกได้หลังจากนั้นอีก 12 วัน. หากอายุการทำงานเกิน 3 เดือนกับบริษัทเต็ม จะต้องทำงานให้ครบเดือนก่อน หลังจากนั้นอีก 1 เดือนจึงสามารถลาออกได้.

หากทำงานเกิน 3 ปี กับบริษัทเต็ม ต้องทำให้ครบเดือนก่อน และ หลังจากนั้นอีก 3 เดือน จึงสามารถลาออกได้. โปรดทราบ! ท่านสามารถปรึกษากับตัวแทนพนักงานที่ท่านเลือกไว้ในที่ทำงานนั้นๆได้ หรือ ที่สหภาพฯ Eining-löja โทร. 460 3600 หากต้องการความช่วยเหลือ.



Út með jólaköttinn

Aldrei er of varlega farið, ekki síst í kringum jólahátíðina. Á vef Mannvirkjastofnunar má finna eftirfarandi um skreytingar.

Eftir því sem líður á jólin þorna skreytingarnar og verða hættulegar og hafa mörg alvarleg slys orðið af völdum þurra jólskreytinga þar sem þurr jólskreyting eða jólatré getur fuðrað upp á augabragði.

Sumar rafmagnsseriur eru þannig að þó að ein pera eyðileggist þá helst samt kveikt á seriunni. Sumar seriur eru þannig að við þetta verður meiri straumur á perunum sem eftir eru og þær hitna meira. Ef serían er nálægt þurri jólskreytingu þá getur það leitt til þess að skreyting sem var hættu- laus fyrir jól er allt í einu orðin hættuleg eftir jól. Sama getur átt við um kertaljós þar sem mikilvægt er að huga að því að kerti nái vel upp fyrir skreytinguna þar sem stuttur kertastubbur getur orsakað bruna.

Hendum út þurrum skreytingum og ónýtum rafmagnsseríum og minnkum hættuna á eldsvoðum.

Różne informacje

Dodatek grudniowy (świąteczny) 2011 (Desemberuppbót)

Związek zawodowy "Eining-Iðja" pragnie przypomnieć swoim członkom, że zgodnie z umowami o pracę mają oni prawo do wypłaty specjalnego dodatku wypłacanego wraz z pensją grudniową.

Wysokość specjalnego dodatku do pensji grudniowej zależy od:

- a) zapisów szczegółowych w umowach zbiorowych
- b) stażu pracy
- c) wymiaru godzin w jakich pracownik jest zatrudniony (tzn. np. 100% etatu, 50% etatu, 75% etatu itd.)

Wyżej wymieniony dodatek ma być wypłacony jednorazowo w całości, ale nie jest do niego doliczany dodatek urlopowy (orlof) tak jak do innych wynagrodzeń za pracę.

Wysokość specjalnego dodatku grudniowego w oparciu o umowy zbiorowe zawarte z przedstawicielami komisji do spraw wynagrodzeń utworzonych przez zarządy lokalne wynosi 75.500 koron; natomiast umowy zawarte między przedstawicielami związków zawodowych "Eining-Iðja", a przedstawicielami rządu, zgodnie z umowami zbiorowymi obowiązującymi na powszechnym rynku pracy, zapewniają wypłatę specjalnego dodatku grudniowego w wysokości 63.800 (48.800 + 15.000) koron islandzkich.

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być wypłacony nie później niż do 15 grudnia. Wszystkim pozostałym, włącznie z pracownikami pracującymi dla zarządów lokalnych powyższy dodatek ma być wypłacony w grudniu zgodnie z obowiązującymi ich przepisami wynikającymi z umów o pracę w danym sektorze zatrudnienia.

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng można zakupić w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 635 koron. Bilety można również zakupić u przedstawicieli związku w Ólafsfjörður, na Hrísey i w Grenivíku.

Fundusz chorobowy

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płacenia składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.: przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby współmałżonka, wizyt u masażysty i fizjoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do karnetów na siłownię, kupna aparatu słuchowego i szkieł do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 300.000 kr.

Dopłata do karnetu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 10.000

koron w każdym roku kalendarzowym. Dopłata przy kupnie szkieł do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 15.000 koron co 3 lata.

Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 15.000 koron co 3 lata.

Proszę zwrócić uwagę!

Zebranie zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 27 dnia danego miesiąca.

Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podań o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizykoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

Pamiętajcie o dofinansowaniu na naukę!

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczęszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek: Landsmennt (www.landsmennt.is)-

Krajowy Ośrodek Dokształcania, Sveitamennt (www.sveitamennt.is) - Regionalny Ośrodek Dokształcania i Ríkismennt (www.rikismennt.is) - Rządowy Ośrodek Dokształcania.

Landsmennt jest funduszem na dokształcanie się stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgreinasambands Íslands). Sveitamennt jest funduszem pracowników administracji regionalnej na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 60.000 przez Landsmennt, Ríkismennt i Sveitamennt. Landsmennt pokrywa do 75% kosztów kursu, a Ríkismennt i Sveitamennt do 90% zwrotów kosztów poniesionych w celu doskonalenia obecnie wykonywanego zawodu.

Członkowie mają prawo do ubiegania się o zwrot kosztów kursu na prawo jazdy (samochody ciężarowe) w wysokości 100.000 - jednorazowo.

Członkowie mogą również ubiegać się o dodatki na kursy hobbistyczne i rekreacyjne. Dofinansowanie do 50% całkowitego kosztu, nie przekraczające 18.000.

Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie

kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą do Ríkismennt lub Sveitamennt mogą starać się o 90% dofinansowanie 150-godzinnego kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

Wynajmowanie domków wycieczkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego "Eining-Íðja" oferuje się możliwość wynajęcia domków wycieczkowych w okresie pozaurolopowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wycieczkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Reykjavíku i w Egilsstaðir.

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki, na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach

jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie. W biurze związku Eining-Íðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12-dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy –

obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku "Eining-Íðja" numer telefonu 460 3600, jeśli zaistnieje taka konieczność.

ERT ÞÚ AÐ TAPA RÉTTINDUM?

Mikilvægt er að minna á að þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna orlofshúsa, sjúkradagpeninga, sjúkrabjálfunar og menntunar félagsmanna.

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur eða greiðslur í fæðingarorlofi fyllir viðkomandi út umsóknareyðublað um greiðslu úr Fæðingarorlofs-sjóði eða hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá þarf að merkja við að umsækjandi vilji að félagsgjöld séu dregin af viðkomandi greiðslum.

Með því að greiða ekki félagsgjald af þessum greiðslum tapast því mikilvæg réttindi.

Mundu að þú tryggir ekki eftir á!



EINING-ÍÐJA
ER ÖFLUGT STÉTTARFÉLAG Á LANDSBYGGÐINI



www.ein.is



Starfsfólk SÍMEY

*óskar öllum
gledilegra jóla*

Hlökkum til samstarfs á nýju ári



Kær kveðja

Erla Björg, Valgeir, Betty, Heimir,
Helgi Þorbjörn, Kristín, Guðrún
Kristín, Guðrún, Arnþrúður Eik,
Sóley, Sigrún, Edda, Vilberg og Helgi



Fjöldmörg ný tækifæri
leynast í endurmenntun
á nýju ári fyrir alla

Fullt af spennandi nám-
skeiðum fyrir einstaklinga

Þjónustum fyrirtæki og
stofnanir

Frí náms- og starfsráðgjöf

Alltaf heitt á könnunni

Erum byrjuð að skrá í
námsleiðir sem fara af
stað eftir áramót